



Félög löggiltra endurskoðenda

Útg: Félög löggiltra endurskoðenda
Áb: Auður Ósk Þórisdóttir
formaður Ritnefndar FLE
Desember 2006
29. árgangur 1. tölublað

FLE fréttir

Hvar eru félagar í FLE?

EFNI BLAÐSINS

Hvar eru félagar í FLE	1
Hvar eru félagar í FLE?	1
Tilkynning til félagsmanna FLE	3
Löggiltir endurskoðendur eftirsóttir sem aldrei fyrr	4
Lit frekar á lífið sem einn allsherjar skóla.....	4
Endurskoðunarumhverfið er orðið þunglamalegra	5
Ákvað að grípa boltann á lofti og breyta til	5
Af stjórnarborði.....	6
Til hamingju með afmælið – árið 2007 ...	7
Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2006.....	8
Opnunartími skrifstofu FLE.....	14
Stjórn og nefndir 2006–2007	15
Gæðanefnd FLE	16
Skattadagur FLE	17
Breytingar á refsimeðferðarleiðum í skattvikamálum.....	18
Fráteknar dagsetningar	19
Endurskoðunardagur FLE	20
Reikningsskiladagur FLE.....	20
Haustráðstefna FLE	21
Þróun í Evrópumálum	23
Nýir félagar í árslok 2006	25
Löggildingarpróf.....	25
Innri endurskoðun	27
Til sölu á skrifstofu FLE.....	28
GOLF annáll	28
Golfmeistarar FLE frá upphafi hafa verið:	31

Á undanförunum árum hafa verið birtar ýmsar upplýsingar um starfsstaði endurskoðenda í FLE fréttum. Meðfylgjandi umfjöllun er áframhald á þeim upplýsingum og var leitast við að nota sömu viðmið og notuð voru í fyrri samantektum. Upplýsingar eru unnar upp úr opinberu félaga-tali á vef félagsins. Félagar eru flokkaðir eftir vinnustöðum, það er: þrjár stærstu endurskoðunarstofur landsins sem veltu samtals á árinu 2005 um 4,5 milljörðum króna; aðrar stofur, þar með talin Ríkisendurskoðun og einyrkjar, og að lokum félagar sem starfa utan endurskoðunarstofa.



Eymundur Sveinn Einarsson
endurskoðandi
hjá Endurskoðun
og ráðgjöf ehf.


Skipting milli vinnustaða 1993–2006


Þrátt fyrir að félögum í FLE hafi fjölgað úr 249 í 309 eða um 24% frá árinu 2000 þá hefur fjöldi þeirra sem starfar innan endurskoðenda-fyrirtækja, stórra og smárra, ekki fjölgað að sama skapi. Árið 2006 störfuðu 195 félagsmenn innan endurskoðunarstofa í samanburði við 188 árið 2000, þeim hefur því í raun fækkað hlutfallslega úr 74% árið 2000 í 63% árið 2006.

Athygli vekur að í fyrsta skipti frá árinu 1993

fjölgar endurskoðendum í hópi þeirra sem starfa við endurskoðun utan stóru stofanna þriggja og fjölgar löggiltum endurskoðendum á stóru stofunum ekki nema um 3% milli árana 2000 og 2006 á meðan að endurskoðendum fjölgar í heild um 24% á sama tímabili.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir félaga innan stéttarinnar hversvegna þessi þróun á sér stað. Hvort þetta er spurning um kjaramál, vinnutíma og/eða annað skal ósagt látið. Ýmsar ástæður gætu verið fyrir hendi og meðal þeirra sem nefndar hafa verið eru þær að það freisti ungra endurskoðenda eftir langskólanám og krefjandi löggildingarpróf að komast í krefjandi stjórnunarstöðu. Auk þess má búast við að launakjör og hlunnindi ýmis konar, s.s. hluta-







bréfa ívilnanir, eigi líka hlut að máli þegar ungir endurskoðendur velja frekar að starfa hjá félögum á markaði en innan fagsins.

Skipting félagsmanna á vinnustaði með tilliti til löggildingarárs

Þegar starfsstaðir endurskoðenda sem starfa utan endurskoðunarstofanna eru skoðaðir nánar, kemur í ljós að starfandi endurskoðendum hefur fjölgað gríðarlega hjá félögum á markaði og hjá félögum þeim tengdum og virðist ekkert lát vera á þessari fjölgun. Í þessum hópi er hlutfall yngstu félagsmannanna stærst. Þegar þessi könnun var unnin störfuðu alls 26 endurskoðendur, eða um 8.5% stéttarinnar, innan þess geira og eru þar af 16 úr yngsta aldurshópnum. Aðrar upplýsingar um skiptingu milli vinnustaða koma ekkert sérstaklega á óvart miðað við fyrri kannanir en þó má benda á að aldursdreifing endurskoðenda sem starfa hjá opinberum aðilum og sveitarfélögum virðist vera með svipuðum hætti og hjá endurskoðendum utan stóru stofanna; það er, hlutfall hækkar í takt við hækkandi aldur félagsmanna.



Hlutfall þeirra endurskoðenda sem vinna hjá ýmsum fyrirtækjum utan markaðar virðist hinsvegar vera tiltölulega óbreytt milli starfsaldurskeiða.

Kynjaskipting starfandi félaga FLE.

Af starfandi endurskoðendum sem eru 286 skv. félagaskrá á vef félagsins eru konur 54 eða um 19%.

Helstu frávik frá meðaltali eru hjá endurskoðendum utan stóru stofanna þriggja þar sem konur eru einungis 6% og hjá Deloitte þar sem 14% endurskoðenda eru konur. Hinsvegar eru 35% af starfandi endurskoðendum hjá KPMG og hjá félögum á markaði konur.



Samanburður við spá 2001.

Í FLE fréttum í mars 2001 er umfjöllun um þetta efni og birtist meðal annars spá um skiptingu endurskoðenda eins og hún gæti orðið árið 2005. Meðfylgjandi mynd sýnir samanburð á þeirri spá svo og rauntölum árin 2000 og 2006.

Spá þessi hefur gengið að miklu leyti eftir en nú virðist sem að minni stofurnar, eða aðilar við endurskoðun utan stóru stofanna þriggja, hafi ekki dregist saman á þann hátt sem spáð var. Hinsvegar hefur fjölgun á endurskoðendum utan endurskoðunarstofa, og þá með tilliti til fjölgunar endurskoðenda hjá félögum á markaði, meira og minna orðið á kostnað stærri stofanna þar sem hlutfall þeirra fer úr 42% í 35% milli áranna 2000 og 2006.

Hvar verða félagar í FLE ?

Þróunin virðist vera sú að aukist sífellt eftirspurn atvinnulífsins eftir endurskoðendum til starfa innan fyrirtækja og virðist eftirspurnin vera mest frá félögum á markaði og frá fjármálafyrirtækjum. Ljóst er að endurskoðunarstofur, hvort sem um er að ræða stórar eða smáar, verða að snúa vörn í sókn til þess að koma í veg fyrir frekara brottfall ungs fólks úr faginu.



Tilkynning til félagsmanna FLE

Almenna reglan er sú að tilkynningar um fundi og ráðstefnur á vegum FLE eru sendar til félagsmanna með tölvupósti. Félagsmönnum FLE sem óska eftir að fá slíkara tilkynningar í almennum pósti er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins.



Löggiltir endurskoðendur eftirsóttir sem aldrei fyrr

Löggiltir endurskoðendur hafa um langt árabil verið eftirsóttir starfsmenn vegna víðtækrar þekkingar á bókhaldi og reikningsskilum, ekki aðeins innan starfsgreinarinnar heldur einnig í hringiðu athafnalífsins.

Þrátt fyrir tilraunir til að mæta vaxandi þörf fyrir fjölgun innan endurskoðunarfyrirtækjanna er enn hörgull á löggiltum endurskoðendum. Skýringin er meðal annars sú, að algengt er að ungir endurskoðendur ráði sig til starfa á öðrum vettvangi.

Erfitt hefur verið að finna einhverja eina skýringu öðrum fremur á þessari þróun. Nefnt hefur verið að eftirsóttir starfsmenn séu hreinlega „keyptir“, en aðrir benda á að sívaxandi kröfur til starfs endurskoðenda samfara þunglamalegra umhverfi ráði einhverju um þessa straua. Einnig heyrast þau rök að álag og áreiti á endurskoðendur sé fjandsamlegt ungu fjölskyldufólki. Þá má gera ráð fyrir að það séu fleiri tækifæri á markaðinum en áður og fólk óragara við að skipta um starfsvettvang.

Eflaust eru skýringarnar mismunandi frá einum til annars, en hér er rætt stuttlega við þrjá endurskoðendur sem allir hafa horfið frá endurskoðunarfyrirtækjum til annarra starfa.



Guðlaug
Tómasdóttir fór frá
KPMG til IMG
Holding.

Guðlaug Tómasdóttir, fjármálastjóri IMG Holding, er ánægð í sínu nýja starfi og telur að þekking hennar og reynsla úr endurskoðuninni komi sér að góðum notum á nýjum vinnustað. Hún hafði ekki verið lengi með réttindi löggilts endurskoðanda er henni bauðst starf á nýjum stað.

Aðspurð segir hún ekkert eitt hafa ráðið því öðru fremur að hún skipti um vettvang en nefnir laun sem eina margra ástæðna. Guðlaug hafði starfað í 5 ár með hléum hjá KPMG hér heima en áður um níu mánaða skeið hjá KPMG í Rotterdam í Hollandi. Hún fór óhefðbundna leið inn í endurskoðendanámið. Stefndi eins og flestir að því að verða meðeigandi, en áður en til þess kom bauðst henni nýtt spennandi starf.

Lít frekar á lífið sem einn allsherjar skóla

„Ég hafði í sjálfu sér aldrei nein sérstök markmið í endurskoðuninni en vildi halda öllum leiðum opnum,“ segir Guðlaug, sem gaf sér tíma til stutts spjalls frá barnauppeldi og jólaönnum. Hún er í sambúð og á þrjú börn undir fermingaráldri.

Guðlaug segir ekkert í sjálfu sér mæla gegn því að hún snúi einn daginn aftur til sambærilegra starfa og hún sinni hjá KPMG. „Ég lít ekki á endurskoðandastarfið sem endastöð, miklu frekar á lífið sem einn allsherjar skóla. Reynslan úr endurskoðuninni á eftir að gagnast mér vel hjá IMG Holding og ég efa ekki að sú reynsla sem ég afla mér þar mun síðar verða mér notadrjúg á öðrum vettvangi,“ segir hún.

Eitt af því sem hún kann að meta við hið nýja starf eru þau „forréttindi“ eins og hún orðar það, að geta gefið sér tíma til að sökkva sér ofan

í einstaka þætti vinnunnar án þess að þurfa að hugleiða stöðugt hvern eigi að rukka fyrir þann tíma. Guðlaug segir endurskoðendur oft lenda í klemmu með tímaskráningarkerfi af þessum sökum.

„Auðvitað saknar maður fyrri vinnustaðar en þetta starf er spennandi og áreitið er minna en í endurskoðuninni. Ofan á annað fannst mér mig vanta þennan fjármálavinkil sem ég er að fást við hér“ segir Guðlaug.

Endurskoðunarumhverfið er orðið þunglamalegra

Heimir Þorsteinsson, forstöðumaður hagdeildar Actavis Group, er þeirrar skoðunar að hefðbundnið umhverfi endurskoðenda hafi breyst á undanföllum árum og sé nú mun þunglamalegra en það var áður.

„Endurskoðendur um allan heim eru að upplifa þann taugatitring sem greip um sig innan greinarinnar í kjölfar Enron-hneykslisins í Bandaríkjunum og fleiri óþægilegra uppákoma síðustu ár. Tengingar stóru íslensku endurskoðunarfyrirtækjanna við erlenda samstarfsaðila hafa m.a. leitt til þess að eftirlit og öryggiskröfur hafa stórukað með tilheyrandi skýrslugerð, tékklistum og gæðaeftirliti. Þetta tekur vonandi enda þegar taugatitringnum linnir, en ég neita því ekki að mér fannst þessi þáttur starfsins orðinn ljáandi,” segir Heimir.

Þegar hann er inntur eftir því hvort einhverjar stundir séu aflögu fyrir áhugamál er fátt um svör. Heimir er giftur fjögurra barna faðir og segir því eðlilega lítinn tíma fyrir golfíþróttina eins og sakir standa. „En maður tekur bara betur á því síðar,” segir hann með stóískri ró.

Þótt nýja starfið hjá Actavis sé að vonum krefjandi og vinnutíminn langur suma dagana segir Heimir það ekki hafa komið sér á óvart. Mestu muni hins vegar að nú sé hann að vinna fyrir einn aðila í stað margra í endurskoðuninni.

„Mér finnst þetta að mörgu leyti betra því það er einfaldara að einbeita sér og áreiðið er einhvern veginn öðru vísi en það var hjá Deloitte” segir Heimir sem var orðinn meðeigandi þar eftir



Heimir Þorsteinsson
fór frá Deloitte hf.
til Actavis Group:

ellefu ára starf. Hann bætir því við að reyndar sé því ekki að neita að sér finnst skemmtilegra að fást við sjálft reikningshaldið en endurskoðun þess.

Þegar talið berst að gamla vinnustaðnum er á öllu ljóst að Heimir ber sterkar taugar til hans. „Að slíta sig frá góðum vinnufélögum til margra ára var óneitanlega mjög erfitt og í raun kannski erfiðasti þáttur þess að skipta um starfsumhverfi. Ég útiloka ekki þann möguleika að ég snúi aftur í hefðbundna endurskoðun í framtíðinni,” segir Heimir.

Ákvað að grípa boltann á lofti og breyta til

„Það má í raun líkja þessu við bolta sem hent er í átt að manni. Annað hvort er að grípa hann eða láta hann fara. Þarna gafst mér spennandi tækifæri á nýjum vettvangi þar sem mér bauðst að láta reyna á þann þekkingargrunn sem ég hafði aflað mér í endurskoðunarstarfinu. Ég ákvað að grípa boltann á lofti og breyta til,” segir Ólafur Þór Jóhannesson framkvæmdastjóri fjármála- og viðskiptaáhrifa hjá Teymi.

Stutt er síðan Ólafur Þór söðlaði um úr sínu fyrra starfi sem meðeigandi eða „partner” hjá PricewaterhouseCoopers eftir tæplega 11 ára starf innan fyrirtækisins. Ólafur hóf þar störf strax eftir að námi hans við viðskiptadeild HÍ lauk en hann fékk löggildingu til endurskoðunarstarfa á árinu 2000. En hvað varð til þess að hann skipti um vettvang?

„Fyrst er fremst spennandi tækifæri til þess

að starfa hjá skráuðu félagi með háleit markmið og metnaðarfulla stjórnendur, en eflaust hefur líka eitthvað spilað inn í að það getur talsvert áreiði fylgt endurskoðunarstarfinu utan hefðbundins vinnutíma. Fyrir fjölskyldur, þar sem sem börn eru á heimili, getur þetta verið snúíð,” segir Ólafur Þór en hann og eiginkonan eiga þrjú ung börn.

Hann segir vel geta komið til greina að snúa aftur til hefðbundinna starfa endurskoðanda síðar á lífsleiðinni. Þótt hann hafi skipt um umhverfi sé endurskoðunarvinnan skemmtileg og krefjandi og viðfangsefnið síbreytileg. Það kalli á stöðuga endurmenntun.

„En það er auðvitað með endurskoðun eins og önnur störf í nútíma umhverfi að kröfurnar aukast stöðugt og áreiðið þar með. Það er samt sem áður ekki slæmt því í endurskoðun felast



Ólafur Þór
Jóhannesson fór
frá PWC til
Teymis:

miklir möguleikar og tækifæri þrátt fyrir langan vinnudag” segir Ólafur.

Þegar hann er inntur eftir því hvort hann sakni einhvers úr fyrra umhverfi segir hann fyrst koma upp í hugann að að auðvitað sé söknuður að góðum vinnufélögum og viðskiptavinum til margra ára. Það sama sé hins vegar ekki að segja um tímaskráningarkerfið þó svo það hafi beitt manni ákveðnum aga segir Ólafur að lokum.



Lárus
Finnbogason
formaður FLE.

Aðalfundur og haustráðstefna.

Aðalfundur félagsins var haldinn hinn 17. nóvember s.l. Á dagskrá aðalfundarins voru ein-göngu venjuleg aðalfundarstörf, auk þess sem faglegur framkvæmdastjóri flutti skýrslu sína líkt og á síðasta aðalfundi. Á aðalfundinum gengu tveir úr stjórn félagsins eftir tveggja ára setu, en það voru þau Gerður Guðjónsdóttir og Lúðvík Karl Tómasson. Í þeirra stað voru kjörin María Sólbergadóttir og Ásbjörn Björnsson. Stjórnarmönnum sem létu af störfum eru þökkuð góð störf og nýjir stjórnarmenn boðnir velkomnir til starfa. Nýkjörin stjórn hefur enn ekki haldið sinn fyrsta fund þegar þetta er ritað, en fyrir fyrsta stjórnarfund funda formenn og faglegur framkvæmdastjóri með öllum nefndum, þar sem farið er yfir verkefni starfsársins. Allir formenn fastanefnda létu af störfum á aðalfundinum, eftir fjögurra ár starf og eru þeim þökkuð þeirra störf. Fagleg vinna hjá félaginu hvílir að mestu leyti á starfi fagnefnda og faglegs framkvæmdastjóra og er það undir þeim komið hversu vel tekst til hverju sinni, en fagleg verkefni á vegum félagsins eru óþrjótandi.

Haustráðstefnan var haldin að morgni aðalfundardags félagsins. Efni hennar voru alþjóðleg skattamál og þar hún heitið Ísland og alþjóðleg skattamál. Fjármálaráðherra, Árni M Mathiesen, ávarpaði ráðstefnuna, en auk hans voru sjö fyrirlesarar sem fjölluðu um afar áhugaverð efni. Athyglisvert er hversu mikil áhrif EES reglur eru farnar að hafa á landsrétt á sviði skattamála og kom berlega fram á fundinum að Ísland er ekki lengur eyland þegar kemur að breytingu á skattalögum.

Bæði haustráðstefnan og aðalfundurinn heppnuðust mjög vel og var hvort tveggja vel sótt.

Af stjórnarborði

Gæðaeftirlit

Á árinu 2005 var gæðaeftirlit í fyrsta sinn framkvæmt á grundvelli nýrra reglna um framkvæmd gæðaeftirlits. Gæðaeftirlitið var unnið af gæðaeftirlitsmönnum, sem tilnefndir voru af stærstu endurskoðunarfyrtækjunum og skoðuðu þeir gæðakerfi endurskoðunarfyrtækja og vinnuskjöla og framkvæmd endurskoðunar hjá þeim endurskoðendum sem dregnir voru út. Þessi vinna reyndist vera mjög umfangsmikil og er vandséð að þetta hefði gengið án aðkomu faglegs framkvæmdastjóra að gæðaeftirlitinu. Vinna við gæðaeftirlit þessa árs er hafin og verður það unnið með sama hætti og að miklu leyti af sömu gæðaeftirlitsmönnum og unnu við gæðaeftirlit síðasta árs. Þess er að vænta að gæðaeftirlit þessa árs gangi enn betur en á síðasta ári, með aukinni reynslu og þjálfun gæðaeftirlitsmanna. Miklu skiptir að vel takist til við gæðaeftirlit FLE, þannig að það geti orðið grundvöllur að viðurkenndu opinberu gæðaeftirliti með störfum okkar. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að félagsmenn taki gæðaeftirlitsmönnum vel og láti þeim í té öll gögn og upplýsingar þannig að gæðaeftirlitsmenn geti unnið störf sín á fullnægjandi hátt.

Innleiðing áttundu félagatilskipunar Evrópusambandsins

Í september s.l. var gengið formlega frá skipun sex manna starfshóps til þess að vinna að innleiðingu ákvæða áttundu félagatilskipunar Evrópusambandsins í íslensk lög. Starfshópurinn er skipaður sex einstaklingum en þar af tilnefndi FLE fjóra fulltrúa en tveir fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu eru í starfshópnum. Starfshópurinn er þannig skipaður að frá FLE eru Lárus Finnbogason, formaður FLE, Margret Flóvenz, varaformaður FLE, Gunnar Sigurðsson, faglegur framkvæmdastjóri FLE og Ólafur Kristinsson endurskoðandi hjá PwC. Af hálfu fjármálaráðuneytisins sitja í starfshópnum lögfræðingarnir Elmar Hallgríms Hallgrímsson og Þóður Reynisson. Starfshópurinn hóf eiginleg störf í byrjun

nóvember og hefur fundað vikulega síðan. Í vinnu starfshópsins hefur verið horft til þess með hvaða hætti staðið er að innleiðingu ákvæða tilskipunarinnar í Danmörku og er líklegt að dönsku lögin verði fyrirmynd að lagasetningu okkar. Í skipunarbréfi fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að hópurinn skili tillögum fyrir 1. mars 2007, en þar sem skipun hópsins drógst og hópurinn hefur rétt nýlega hafið störf verður að teljast útilokað að honum takist að skila tillögum fyrir þann tíma, en vonandi tekst að leggja fram tillögur starfshópsins fyrir mitt ár 2007. Þess er að vænta að með innleiðingu ákvæða áttundu félagatilskipunarinnar hérlendis muni allt lagaumhverfi sem lýtur að endurskoðun og endurskoðendum verða skýrara og betra. Það er athyglisvert að bera saman stöðuna hérlendis og á hinum norðurlöndunum að því er varðar með hvaða hætti staðið er að innleiðingu tilskipunarinnar. Á hinum norðurlöndunum hefur þessi vinna verið borin uppi og leidd af stjórnvöldum og hafa endurskoðendur lítið komið að innleiðingarferlinu og þá fyrst og fremst sem áhorfendur á hliðarlínunni, en hér er þessu öfugt farið þar sem FLE hefur þrýst á að vinna við innleiðingu hæfist og er félagið mjög virkur þátttakandi í innleiðingarferlinu eins og sést af samsetningu starfshópsins.

Menntunarmál

Veruleg breyting hefur orðið á skipan menntunarmála vegna náms til undirbúnings að lög-gildingu til endurskoðunarstarfa. Í stað fjögurra ára háskólanáms, sem eingöngu var boðið upp á í Háskóla Íslands er nú boðið upp á meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun af tveimur háskólum, en það eru Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík, sem hóf kennslu í þeim greinum haustið 2005. Með því að tveir háskólar bjóði upp á nám af þessu tagi mætti ætla að samkeppni þeirra í millum leiddi til betra náms. Gæði námsins ráðast þó fyrst og fremst af því hversu góðir kennararnir eða leiðbeinendurnir eru. Það veldur áhyggjum hversu lítil áhugi virðist hér á



landi að sækja sér aukna menntun á sviði endurskoðunar og reikningsskila í þeim tilgangi að stunda fræða- og kennslustörf á því sviði. Frá því að Námsstyrkjasjóður Félags löggiltra endurskoðenda var settur á fót hinn 4. júní 2003 hefur engum styrk verið úthlutað. Á síðasta starfsári barst engin umsókn um styrk úr sjóðnum. Eins og fram kemur í skiplagsskrá sjóðsins er markmið hans að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með því að veita styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum. Þær kröfur eru gerðar til styrkþega að þeir hafi lokið bóklegu námi til löggildingar sem endurskoðendur og ætli sér í framhaldsnám á því sviði með það að markmiði að stunda kennslu í endurskoðun og reikningshaldi á Íslandi að námi loknu. Ef ekki fást nægilega margir hæfir kennarar á þessu sviði hérlendis verða háskólarnir að leita erlendis eftir leiðbeinendum, sem reyndar hefur verið gert. Þrátt fyrir miklar vinsældir þessa náms, hlýtur maður að velta fyrir sér hvort hagkvæmt sé að bjóða upp á það í tveimur háskólum í Reykjavík í ljósi þess hversu fáir hérlendis hafa í reynd getu og vilja til þess að stunda kennslu á þessu sviði. Gæði námsins skipta okkur meira máli en magnið og ég tel nauðsynlegt að háskólarnir skoði það alvarlega hvort skynsamlegt sé að bjóða upp á námið á tveimur stöðum eins og nú er gert.

Í tengslum við menntunarmál endurskoðenda má geta þess að Norræna endurskoðendasambandið (NRF) tilnefndi á árinu í fyrsta sinn fulltrúa frá FLE í nefnd innan alþjóðasambands endurskoðenda (IFAC), en um var ræða tilnefningu á Krístrúnu Helgu Ingólfssdóttur, í menntunarnefnd IFAC, en hún hefur nú verið skipuð í nefndina til þriggja ára frá og með 1. janúar 2007 að telja.

Að lokum

Á þessu starfsári biða okkar fjölmörg og spennandi verkefni. Framundan eru fundir með öllum fagnefndum félagsins, þar sem línur verða lagðar um verkefni þeirra á starfsárinu. Mikill tími mun fara í vinnu í tengslum við innleiðingu áttundu félagatilskipunarinnar og er gífurlega mikilvægt fyrir okkur að vel takist til við lagasetningu vegna innleiðingar hennar. Í júní 2007 mun IFAC

halda hér á landi stjórnarfund, sem á sjöunda eða áttunda tug manna munu sækja, auk þess sem gera má ráð fyrir að einhverjir makar fundargesta muni einnig sækja okkur heim og er ekki ólíklegt að á annað hundrað manns komi til landsins í tengslum við stjórnarfundinn. Það er mikill heiður fyrir Norræna endurskoðendasambandið (NRF) og FLE að fá vera gestgjafar á

þessum fundi og fyrirséð að þetta mun kosta mikla vinnu hjá okkur vegna skipulagningar og undirbúnings fundarins, en afar mikilvægt er fyrir okkur að vel takist til.

Ég vil þakka öllum félagsmönnum og framkvæmdastjórum félagsins ánægjulegt samstarf á árinu og óska þeim gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Til hamingju með afmælið – árið 2007

70 ára þann 1. september 2007
 70 ára þann 4. september 2007
 70 ára þann 1. desember 2007
 65 ára þann 1. febrúar 2007
 65 ára þann 4. september 2007
 65 ára þann 30. september 2007
 60 ára þann 20. febrúar 2007
 60 ára þann 8. mars 2007
 60 ára þann 12. mars 2007
 60 ára þann 13. apríl 2007
 60 ára þann 15. maí 2007
 60 ára þann 31. maí 2007
 60 ára þann 8. september 2007
 60 ára þann 4. október 2007
 60 ára þann 4. nóvember 2007
 60 ára þann 6. desember 2007
 50 ára þann 22. mars 2007
 50 ára þann 14. maí 2007
 50 ára þann 3. júní 2007
 50 ára þann 21. júní 2007
 50 ára þann 16. júlí 2007
 50 ára þann 30. september 2007
 50 ára þann 15. október 2007
 50 ára þann 21. október 2007
 50 ára þann 25. október 2007
 50 ára þann 22. nóvember 2007
 40 ára þann 28. janúar 2007
 40 ára þann 14. febrúar 2007
 40 ára þann 15. mars 2007
 40 ára þann 14. apríl 2007
 40 ára þann 18. maí 2007
 40 ára þann 5. ágúst 2007
 40 ára þann 7. ágúst 2007
 40 ára þann 29. september 2007
 40 ára þann 10. október 2007
 40 ára þann 4. nóvember 2007
 40 ára þann 8. desember 2007
 40 ára þann 18. desember 2007
 30 ára þann 19. júlí 2007
 30 ára þann 17. nóvember 2007

Sveinn Jónsson (KR)
 Ólafur Nilsson
 Halldór Valgeirsson
 Sigurður Guðmundsson
 Hermann Árnason
 Ólafur G. Sigurðsson
 Viðar G. Elísson
 Stefán Bergsson
 Guðmundur J. Þorvarðarson
 Kristinn Gestsson
 Guðmundur Þ. Frímannsson
 Björn Ó. Björgvinsson
 Halldór Ásgrímsson
 Guðmundur Óskarsson
 Ragnar Hafliðason
 Reynir Ragnarsson
 Sigurður Tryggvi Sigurðsson
 Herbert Viðar Baldursson
 Helgi F. Arnarson
 Þórir H. Ólafsson
 Davíð Einarsson
 Alexander G. Eðvardsson
 Halldór Arason
 Ragnar J. Bogason
 Friðrik Jóhannsson
 Pétur Guðbjartsson
 Ágúst Heimir Ólafsson
 Hafsteinn Gunnarsson
 Ingvar Garðarsson
 Vignir Rafn Gíslason
 Sigrún Hallgrímsdóttir
 Guðlaug Tómasdóttir
 Sigríður Helga Sveinsdóttir
 Þórarinn Þórarinsson
 Krístrún Helga Ingólfssdóttir
 Gunnar Þór Ásgeirsson
 Hjalti Ástbjartsson
 Jón Örn Guðmundsson
 Davíð Búi Halldórsson
 Arnar Már Jóhannesson



Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2006



Fundarstjóri aðalfundar FLE, Valdimar Guðnason endurskoðandi hjá Pricewaterhouse-Coopers hf.

Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda var haldinn á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 17. nóvember 2006. Á fundinum flutti Gunnar Sigurðsson, faglegur framkvæmdastjóri FLE, skýrslu um fagleg málefni auk þess sem fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt tölulíðum 1–19 í 18. gr.

Setning aðalfundar, kosning fundarstjóra og umfjöllun um fagleg málefni

Lárus Finnbogason formaður FLE setti fundinn og lagði til að Valdimar Guðnason endurskoðandi yrði fundarstjóri hans. Fundarstjóri lýsti fundinn löglega. Fundarritari var skipaður Lúðvík Karl Tómasson.

Fagleg málefni.

Gunnar Sigurðsson faglegur framkvæmdastjóri FLE flutti skýrslu sína um fagleg málefni. Meginþungi skýrslu Gunnars var á félagatilskipun ESB og fer hún hér á eftir:

Efni tilskipunarinnar

Tilskipunin nær til allrar lögboðinnar endurskoðunar á ársreikningum og samstæðureikningum á ESB/EES svæðinu og einnig til eftirlits með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja.

Tilskipunin tekur þannig til flestra ef ekki allra þátta sem varða starfsvið endurskoðenda, sem nánar verður farið yfir hér á eftir. Athyglisvert er að tilskipunin gerir ráð fyrir að þeir einir sem uppfylla kröfur tilskipunarinnar, þ.e. löggiltir endurskoðendur hér á landi, megi endurskoða reikningsskil þeirra félaga eða stofnana, sem lögum samkvæmt ber að kjósa endurskoðendur. Þetta hefur væntanlega í för með sér að óheimilt verður að kjósa skoðunarmenn sem endurskoðendur félaga eða stofnana. Tilskipunin fjallar sem sagt eingöngu um endurskoðun á ársreikningum og samstæðureikningum, en við setningu laga í hverju landi fyrir sig má bæta við það starfsvið og hafa Danir t.d. í hyggju að láta lögum um endurskoðendur einnig ná til könnunar endurskoðenda á ársreikningum eða öðrum reikningsskilum. Hins vegar ná löggin ekki til reikningslegrar aðstoðar endurskoðenda við gerð óendurskoðaðra reikningsskila eða aðstoðar við gerð skattframtala. Þetta hefur þá þýðingu að slík störf kalla ekki á sömu óhæðiskröfur og eru í tilskipuninni eða opinbert gæðæftirlit.

Löggilding og skráning endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja

Ákvæði um löggilding, menntunarkröfur og endurmenntun endurskoðenda í áttundu tilskipun ESB er að mestu í takt við núverandi íslensk lög um endurskoðendur, en krafan um opinbera skráningu og upplýsingar um endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki er viðtækari en núverandi lagaákvæði um það efni.

Gera má ráð fyrir að háskólanám með masters-gráðu í endurskoðun og vorklegu prófi til lög-

gildingar uppfylli menntunarkröfur samkvæmt tilskipuninni, en líklega aukast endurmenntunarkröfur þannig að í stað 90 eininga á þriggja ára tímabili þurfi að skila 120 einingum á sama tíma. Danir gera ráð fyrir þessu og hafa lagt til að einingarnar skiptist í 30 tíma í endurskoðun og siðareglur, 20 tíma í reikningshald og fjármálastjórn og 15 tíma í skattarétti. Þeir 55 tímar sem eftir eru eiga síðan að tengjast starfi endurskoðenda með öðrum hætti, þar á meðal er nefndur tími í félagarétti og stjórnun fyrirtækja.

Opinber skráning endurskoðenda breytist, þannig er gert ráð fyrir rafrænni skráningu sem almenningur hafi greiðan aðgang að. Þetta má telja til bóta, því oft ríkir misskilningur meðal almennings hér á landi á því hvort einstaklingar sem bjóða þjónustu á sviði endurskoðunar eða ráðgjafar séu með endurskoðunarréttindi eða ekki.

Siðareglur, óhæðisreglur og þagnarskylda

Tilskipunin gerir ráð að endurskoðendur sem inna af hendi lögboðna endurskoðun hafi undirgengist viðurkenndar siða- og óhæðisreglur og þagnarskyldu. Í því sambandi er miðað við alþjóðlegar reglur, eins og siðareglur IFAC (IFAC Code of Ethics) og óhæðisreglur ESB frá árinu 2002.

Þetta mun væntanlega kalla á breytingar á óhæðisreglum í lögum um endurskoðendur og siðareglum (samskiptareglum) Félags löggiltra endurskoðenda, sem vísað er til í lögum um endurskoðendur, en öllum endurskoðendum hvort sem þeir eru félagsmenn FLE eða ekki ber að fara eftir þeim. Þessar alþjóðlegu reglur hver um sig og sameiginlega veita leiðsögn um óhæðiskröfur endurskoðenda. Þar kemur m.a. fram að endurskoðendur geti ekki annast endurskoðun hjá aðila ef þeir eru beint eða óbeint í fjárhagslegum, viðskiptalegum, starfslegum eða

öðrum tengslum við hann, sem hlutlaus og vel upplýstur þriðji aðili gæti talið að skerti óhæði endurskoðandans. Með starflegum tengslum er átt við að endurskoðandi geti ekki veitt ákveðna þjónustu eða ráðgjöf samhliða endurskoðuninni.

Krafa um notkun á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum

Kröfur varðandi framkvæmd endurskoðunar fjalla um að beita beri alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA) við endurskoðun allra fyrirtækja.

Þetta kallar á að ISA staðlarnir verði þýddir yfir á íslensku samhliða því að ESB tilskipunin færi lagagildi hér á landi. Áður en staðlarnir öðlast lagagildi á ESB/EES svæðinu þarf endurskoðunarnefnd ESB að samþykkja staðlana hvern fyrir sig. Nokkur umræða er í gangi um að umskrifa þurfi endurskoðunarstaðlana og gera þá skýrari og betur til þess fallna að henta endurskoðun allra fyrirtækja, ekki síst endurskoðun minni fyrirtækja. IFAC hefur sett í gang vinnu við þetta en óvíst hvenær henni líkur enda um mikið verk að ræða, þó líklega á næstu 2–3 árum.

Endurskoðun samstæðureikninga

Þá eru í tilskipuninni ákvæði um að endurskoðandi móðurfélags beri fulla ábyrgð á endurskoðun samstæðunnar og lögð á hann rik eftirlitskylda varðandi endurskoðun á fyrirtækjum í samstæðunni og gagnasöfnun henni tengdri.

Þetta mun væntanlega skerpa á því ákvæði í lögum nr. 29/1994 um ársreikninga að kjósa ávallt sama endurskoðanda í móðurfélagi og dótturfélögum, ef þess er nokkur kostur.

Gæðaeftirlit

Í tilskipuninni er einnig að finna kröfur um reglulegt gæðaeftirlit með endurskoðendum og miðað við lágmarkskröfur sem fram komu í tilmælum ESB um gæðaeftirlit frá árinu 2000.

Reiknað er með að opinber eftirlitsaðili hafi yfirumsjón með slíku gæðaeftirliti, þó að framkvæmd þess geti farið fram á vegum fagfélags endurskoðenda, eins og dæmi eru um á hinum Norðurlöndunum. Reglur um gæðaeftirlit FLE voru settar með hliðsjón af tilmælum ESB frá

árinu 2000, en þar kemur m.a. fram að eftirlitið skuli ná til allra endurskoðenda á 6 ára tímabili.

Opinber eftirlitsnefnd, rannsóknir og refsíákvæði

Samkvæmt áttundu tilskipuninni skal komið á fót hér á landi eins og í öðrum löndum ESB/EES opinberri eftirlitsnefnd sem hafi yfirumsjón með framkvæmd tilskipunarinnar og endurskoðendum. Meirihluti nefndarmanna á að vera kunnáttufólk á sviði endurskoðunar, sem ekki starfar við endurskoðun, en starfandi endurskoðendur geta þó skipað minnihluta nefndarinnar.

Slík nefnd hefur ekki verið hér á landi en á hinum Norðurlöndunum hafa slíkar nefndir verið starfandi, en endurskoðendaráð hefur að litlum hluta til sinnt því starfi sem þessari opinberu eftirlitsnefnd er ætlað. Nefndinni er m.a. ætlað að koma á virku eftirliti með endurskoðendum, rannsaka ásakanir um vanrækslu og beita refsíákvæðum til að koma í veg fyrir ófullnægjandi framkvæmd endurskoðunar. Einnig á nefndin að hafa yfirumsjón með löggildingu endurskoðenda, opinberri skráningu þeirra og endurskoðunarfyrtækja, endurmenntun, gæðaeftirliti, samþykkt endurskoðunarstaðla, siðareglum og innra eftirliti í endurskoðunarfyrtækjum. Nefndin á að kynna opinberlega störf sín og birta niðurstöður sem séu aðgengilegar öllum almenningi.

Kosning og skipti á endurskoðanda

Í tilskipuninni kemur ennfremur fram að kosning endurskoðenda skuli fara fram á aðalfundi félags eða ársfundis, eins og gert er ráð fyrir í íslenskri löggjöf, en til að styrkja óhæði endurskoðenda er uppsögn eða skipti á endurskoðenda á kjörtímabilinu óheimil nema fyrir liggja nægilega gildar ástæður og að uppsögnin og ástæður hennar hafi áður verið tilkynnt til opinberu eftirlitsnefndarinnar.

Sérstaklega er tekið fram að ágreiningur milli endurskoðenda og stjórnenda um reikningskilaaðferðir eða framkvæmd endurskoðunar er ekki talin gild ástæða í þessu sambandi. Þessu tengt er athyglisvert að í sænskum lögum er gert ráð fyrir að endurskoðandi skuli kjörinn til

fjögurra ára í senn, en ekki til eins árs eins og venjan er hér á landi. Telja má líklegt að þetta styrki óhæði endurskoðenda gagnvart viðkomandi félagi og skapi honum meira svigrúm til skipulagningar á endurskoðuninni, m.a. þegar um endurskoðun á nýju félagi er að ræða eða í fyrsta skipti hjá félagi, og hann veit að sú vinna muni nýtast honum í meira en eitt ár. Jafnframt hefur sænska félagið útbúið staðlað ráðningarbref eða verksamning, þar sem meðal annars eru ákvæði um sérstakar bótgreiðslur til endurskoðenda, ef samningnum er rift á kjörtímabilinu.

Sérstakar kröfur varðandi endurskoðun á fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum

Sérstakar og auknar kröfur er að finna í tilskipuninni varðandi endurskoðun á fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum. Í tilskipuninni eru taldar upp nokkrar tegundir fyrirtækja sem falla undir þessa skilgreiningu, en það eru félög skráð á opinberum markaði, fjármálastofnanir og tryggingarfélög.

Í lögum hvers lands innan ESB/EES er aftur á móti heimilt að skilgreina önnur fyrirtæki eða stofnanir með þeim hætti að þau falli einnig undir þennan flokk fyrirtækja. Slíkt gæti t.d. gerst með tilliti til tegundar fyrirtækis, stærðar eða fjölda starfsmanna. Kröfur gagnvart endurskoðendum sem endurskoða slík fyrirtæki snúa einkum að nákvæmari upplýsingagjöf á heimasíðu sinni um endurskoðunarfyrtækið, eigendur þess, félagsform, tengsl við önnur endurskoðunarfyrtæki, stjórnun og gæðaeftirlit. Einnig upplýsingar um óhæðisreglur, reglur um endurmenntun, fjárhagslegar upplýsingar um skiptingu á tekjum á milli endurskoðunar og annarrar þjónustu og laun til eigenda.

Endurskoðunarnefnd

Fyrirtæki tengd almannahagsmunum skulu jafnframt koma á fót sérstakri endurskoðunarnefnd innan fyrirtækjanna. Nefndina geta skipað stjórnarmenn sem eru ekki í framkvæmdastjórn fyrirtækisins, nefndarmenn sérstakrar eftirlitsnefndar fyrirtækis eða kosnir á aðalfundi.

Minnst einn af nefndarmönnum endurskoðunarnefndar verður að vera óháður og hafa sér-



Fjölmenni var á aðalfundi FLE.

þekkingu á sviði reikningshalds og/eða endurskoðunar. Verksvið endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með fjárhagslegri skýrslugerð, innra eftirliti, innri endurskoðun og áhættustýringu fyrirtækis. Einnig á nefndin að fylgjast með framgangi endurskoðunar á ársreikningi/samstæðureikningi og óhæði endurskoðenda með tilliti til annarrar þjónustu sem þeir veita fyrirtækinu. Endurskoðunarnefnd á einnig að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Endurskoðanda ber hins vegar að beina sinni skýrslugerð og samskiptum í tengslum við endurskoðunina til endurskoðunarnefndarinnar, sérstaklega varðandi veikleika í innra eftirliti fyrirtækis sem tengist fjárhagslegri skýrslugerð þess. Meiri kröfur eru einnig gerðar í slíkum félögum til óhæðis endurskoðanda og ber honum að staðfesta óhæðið árlega við endurskoðunarnefndina og gera grein fyrir allri annarri þjónustu sem hann hefur veitt fyrirtækinu á árinu og hvort slík þjónusta hafi getað haft áhrif á óhæði hans sem endurskoðanda. Endurskoðandi fyrirtækis tengdu almannahagsmunum þarf jafnframt að undirgangast gæðaeftirlit á þriggja ára fresti. Óhæðiskrafan varðar einnig kröfu um útskiptingu á ábyrgðarmanni/stjórnanda endurskoðunar eftir minnst tvö ár en mest sjö ár eftir að

hann tók við því hlutverki við endurskoðunina. Honum er einnig óheimilt að taka að sér stjórnunarstöðu í tvö ár hjá fyrirtæki frá því hann lét af störfum sem ábyrgðarmaður/stjórnandi endurskoðunar hjá því.

Alþjóðleg samskipti

Tilskipunin inniheldur einnig margvísleg ákvæði um opinbert eftirlit í ESB/EES löndunum og samstarf milli eftirlitsnefnda þessara landa.

Jafnframt er þar að finna reglur um samskipti þessara nefnda við sambærilegar nefndir í öðrum löndum, eins og t.d. PCAOB nefndina í BNA um gagnkvæmar skráningar á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum sem endurskoða fyrirtæki skráð á markaði í BNA eða ESB/EES löndunum.

Breyting á fjórðu og sjöundu tilskipun ESB

Tilskipunin inniheldur einnig breytingar á fjórðu og sjöundu tilskipuninni, sem fjalla um ársreikninga og samstæðureikninga. Aðalbreytingin felur í sér kröfu um nánari greiningu á þóknun endurskoðenda í skýringum við reikningsskil, með þeim hætti að skipta þarf þóknuninni upp í þóknun fyrir endurskoðun, fyrir aðra staðfestingavinnu, skattaráðgjöf og aðra ráðgjöf.

Þetta er væntanlega gert til þess að tryggja að

þóknun fyrir endurskoðun sé ekki óeðlileg miðað við umfang verkefnis, og þóknun fyrir aðra vinnu sé innan eðlilegra marka.

Vinnan framundan

Ljóst er að innleiðing á áttundu tilskipuninni mun hafa viðtæk áhrif á endurskoðun og starfs svið endurskoðenda hér á landi en gera má ráð fyrir að hún taki gildi um mitt ár 2008.

Í lögum og reglugerðum sem fjalla um endurskoðendur er að finna ýmis ákvæði sem eru í samræmi við kröfur áttundu tilskipunarinnar og þarfnast ekki breytinga, en á öðrum sviðum vantar ákvæði um ýmislegt sem er í tilskipuninni. Þar má aðallega nefna ítarlegri siða- og óhæðisreglur, beitingu á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA) við endurskoðun, gæðaeftirlit og sérkröfur við endurskoðun á fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum. Jafnframt hefur lagasmíð í samræmi við tilskipunina áhrif á önnur lög þar sem fjallað er um endurskoðun eða endurskoðendur. Fjármálaráðuneytið gerði nýlega könnun á því með leit í lagasafninu á netinu og kom í ljós að lög þar sem hugtakið endurskoðendur kemur fyrir í eru 64 talsins, þannig að töluverð vinna verður að yfirfara og breyta þeim öllum. Einnig munu koma upp álitamál varðandi hversu viðtæk endurskoðunarskylda eigi að hvíla á félögum,

sérstaklega litlum félögum með takmarkaða ábyrgð eignaraðila, en eins og kunnugt er hafa Danir undarþegið minnstu félögin endurskoðun og Finnar eru að fara svipaða leið. Þá er gert ráð fyrir að við tilskipunina verði bætt ákvæðum um skaðabótaábyrgð endurskoðenda eða öllu heldur einhverjum takmörkunum á slíkri ábyrgð, eins og gert er í nokkrum aðildarlöndum ESB, en markmiðið er að samræma löggjöf innan ESB eins og annað varðandi endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga samkvæmt tilskipuninni.

Skýrsla stjórnar

Lárus Finnbogason, formaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar.

Stjórn félagsins var þannig skipuð á því starfsári sem nú er að ljúka að formaður var Lárus Finnbogason, varaformaður var Margrét Flóvenz, Ómar H. Björnsson var gjaldkeri, Gerður Guðjónsdóttir var ritari og Lúðvík Karl Tómasson meðstjórnandi. Á þessum fundi munu þau Gerður og Lúðvík Karl ganga úr stjórn félagsins.

Samkvæmt vengju funduðu formaður og varaformaður með hverri fastanefnd félagsins fyrir fyrsta formlega stjórnarfund á starfsárinu, í þeim tilgangi að móta verkefni nefndanna fyrir starfsárið. Formenn fastanefnda mættu síðan á fyrsta stjórnarfund, lögðu fram skriflegar áætlanir um verkefni starfsársins og fóru um þær nokkrum orðum.

Helstu áhersluatriði fagnefnda á liðnu starfsári, auk hefðbundinni verkefna voru:

- Framkvæmd gæðaeftirlits með vinnu endurskoðenda, með beinum skoðunum á verkefnum hjá einstökum endurskoðendum.
- Endurhönnun á heimasíðu félagsins í þeim tilgangi að gera hana enn áhugaverðari og auðveldari til nota fyrir félagsmenn, m.a. að því er varðar upplýsingar um námskeið og skráningu endurmenntunareininga.
- Framkvæmd og endurskoðun virðisrýrnunarprófa og yfirferð á drögum að leiðbeinandi reglum um reikningsskil og annars eldra efnis um reikningsskil sem félagið hefur gefið út.
- Yfirferð á ýmsum ákvæðum skattalaga og frumkvæði að ábendingum um það sem betur má fara í skattamálum.

- Aukið framboð af námskeiðum fyrir endurskoðendur, bæði á vegum félagsins og ekki hvað síst í samvinnu við háskólastofnanir.
- Þýðing á nýrri endurskoðunaráritun skv. ISA 700, endurskoðunarstaðli um áritanir.

Eins og hefð er fyrir þá stóð félagið fyrir fjórum ráðstefnum á starfsárinu. Skattadagur var haldinn í janúar, endurskoðunardagur í apríl og reikningsskiladagur í september. Fyrr í dag var hér haldin haustráðstefna félagsins og fjallaði hún um Ísland og alþjóðleg skattamál. Mikill áhugi er hjá félagsmönnum að sækja ráðstefnur á vegum félagsins og þannig sóttu á milli 50–70% félagsmanna ráðstefnur félagsins á starfsárinu.

Nýliðið starfsár var annað starfsárið þar sem fagnefndum var alfarið falið að hafa umsjón með ráðstefnum tilheyrandi viðkomandi fagsviði. Þannig sá skattanefnd félagsins um skattadaginn, endurskoðunarnefndin um endurskoðunardaginn og reikningsskilanefnd félagsins um reikningsskiladag. Nefndirnar nutu aðstoðar beggja framkvæmdastjóra félagsins og menntunarnefndar við undirbúning þessara ráðstefna, en mikil vinna liggur að baki hverri þeirra.

Menntunarnefnd félagsins hefur hins vegar veg og vanda að haustráðstefnu félagsins. Stjórnin lagði á starfsárinu á það mikla áherslu að nefndirnar leituðust við að fá áhugaverða erlenda fyrirlesara á ráðstefnurnar, þar sem því yrði við komið og gekk það prýðilega eftir.

Hádegisverðarfundir FLE eru í mjög föstum skorðum og hafa viðgengist í áratugi. Á starfsárinu voru haldnir níu hádegisverðarfundir, en einn fundur féll niður vegna ferðar félagsmanna til Stokkhólms. Fundirnir eru félagsstarfinu afar mikilvægir, en þar er fjallað um ýmis málefni sem snerta endurskoðun og endurskoðendur á ýmsan hátt, auk þess sem tækifæri gefst til að líta upp úr daglegu amstri og efla samskipti félagsmanna. Hádegisverðarfundirnir eru einnig vettvangur fyrir formann félagsins til að flytja félagsmönnum fréttir af félagsstarfinu. Jafnan er vel mætt á þessa fundi en þó mættu yngri félagsmenn vera duglegri að sækja þá.

Aðalfundur Norræna endurskoðendasambandsins var haldinn í Finnlandi hinn 19. ágúst s.l. og sóttu hann af hálfu FLE, formaður, vara-



Lárus Finnbogason formaður FLE.

formaður og faglegur framkvæmdastjóri, ásamt mökum. Óhætt er að fullyrða að það sé samdóma álit allra þeirra félagsmanna FLE sem komið hafa að starfsemi NRF að sá félagskapur sé endurskoðendum á Norðurlöndunum ákaflega mikilvægur, að því er varðar faglega framþróun endurskoðenda, styrkleika í alþjóðlegu samstarfi og einnig í félagslegu tilliti.

Formaður, varaformaður og formaður skattanefndar FLE funda árlega með Ríkisskattstjóra og starfsmönnum hans þar sem farið er yfir ýmis mál sem lúta að skattfrankvæmd, álagningu opinberra gjalda og framtalsskilum. Þessir fundir eru afar mikilvægir og til þess fallnir að bæta samskipti endurskoðenda og skattayfirvalda.

FLE átti fund með alþjóðlegri nefnd á vegum FATF (Financial Action Task Force on Money Laundering), sem vann að úttekt á því hvernig staðið væri að vörnum gegn peningaþvætti á Íslandi. Á fundinum var farið yfir ýmis mál sem lúta að endurskoðun og endurskoðendum á Íslandi, svo sem menntunarmál, með hvaða hætti menn öðlast löggildingu og hvernig hægt sé að svipta menn henni. Þessi alþjóðlega nefnd hefur nýlega skilað af sér skýrslu um Ísland og voru helstu niðurstöður hennar þær að ástandið hérlendis í þessum málum væri í nokkuð góðu lagi og ekki ósvipað því sem það er á hinum norðurlöndunum og þá sér í lagi í Danmörku.

Formaður, varaformaður og faglegur framkvæmdastjóri FLE hafa átt nokkra fundi með fulltrúum fjármálaráðuneytisins um ýmis mál



sem lúta að okkar hagsmuna- og fagmálum m.a. menntunarmál, misnotkun á starfsheitinu endurskoðandi, afnám endurskoðunar af skoðunarmönnum, auk ýmissa annarra mála. Innleiðing á ákvæðum áttundu félagaréttartilskipun Evrópusambandsins hefur þó verið aðalumræðuefnið, enda snertir sú tilskipun nánast allt sem að okkur lýtur. Stjórn félagsins hefur hvatt til þess að efni tilskipunarinnar verð leitt í lög hérlendis sem fyrst, enda löggjöf um endurskoðun og endurskoðendur að mörgu leyti gölluð. Í september s.l. var loks gengið formlega frá skipun sex manna starfshóps til þess að vinna að innleiðingu ákvæða tilskipunarinnar í íslensk lög. FLE tilnefndi fjóra fulltrúa en tveir fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu eru í starfshópnum. Starfshópurinn er þannig skipaður að frá FLE eru formaður, varaformaður, faglegur framkvæmdastjóri FLE og Ólafur Kristinsson endurskoðandi hjá PwC. Af hálfu fjármálaráðuneytisins sitja í starfshópnum lögfræðingarnir Elmar Hallgríms Hallgrímsson og Þórður Reynisson. Starfshópurinn hefur fram að þessu unnið að gagnasöfnun og haldið tvo fundi. Í skipunarbréfi fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að hópurinn skili tillögum fyrir 1. mars 2007, en þar sem skipun hópsins dróst og hópurinn hefur rétt nýlega hafið störf verður að teljast afar ólíklegt að honum taki að skila tillögum fyrir þann tíma. Þess er að vænta að með innleiðingu ákvæða áttundu félagaréttartilskipunarinnar hérlendis muni allt lagaumhverfi sem lýtur að endurskoðun og endurskoðendum verða skýrara og betra. Það er athyglisvert að bera saman stöðuna hérlendis og á hinum norðurlöndunum að því er varðar með hvaða hætti staðið er að innleiðingu tilskipunarinnar. Á hinum norðurlöndunum hefur þessi vinna verið borin uppi og leidd af stjórnvöldum og hafa endurskoðendur litið komið að innleiðingarferlinu og þá fyrst og fremst sem áhorfendur á hliðarlínunni, en hér er þessu öfugt farið þar sem FLE hefur þrýst á að vinna við innleiðingu hæfist og er félagið mjög virkur þátttakandi í innleiðingarferlinu eins og sést af samsetningu starfshópsins.

Nú er komin þó nokkur reynsla á að hafa starfandi hjá félaginu faglegan framkvæmdastjóra en eins og kunnugt er tvöfaldaðist starfsmannafjöldi félagsins þann 1. febrúar 2005, en

þá var ráðinn til starfa faglegur framkvæmdastjóri, Gunnar Sigurðsson. Hann hefur yfirumsjón með allri faglegri vinnu sem fram fer innan félagsins og lagði stjórnin áherslu á það á fundum sínum með fagnefndum að faglegur framkvæmdastjóri ætti að vera nefndunum til aðstoðar í störfum þeirra. Með tilkomu faglegs framkvæmdastjóra er óhætt að segja að fagleg vinna innan félagsins hafi tekið verulegum breytingum og t.d. er vandséð að framkvæmd gæðaeftirlits á fyrsta ári nýrra reglna um gæðaeftirlit hefði gengið svo vel sem raun bar vitni án tilkomu hans. Þá er þátttaka félagsins í erlendu samstarfi, einkum norrænu, orðin mun meiri og markvissari en áður.

Verkaskipting á milli starfsmanna félagsins hefur verið að þróast og skýrast frá ráðningu Gunnars sem fyrst og fremst sinnir ýmsum faglegum verkefnum eins og áður kom fram, en fjölmörg verkefni hvíla á framkvæmdastjóra félagsins, Arnbjörgu Eddu Guðbjörnsdóttur, sem annast allan daglegan rekstur þess. Verkefni framkvæmdastjóra felast meðal annars í að svara ýmsum fyrirspurnum, erindum og beiðnum sem berast skrifstofu félagsins, koma á framfæri upplýsingum til félagsmanna, vinna að undirbúningi og skipulagi funda og ráðstefna, viðhalda félaga-tali, skrá menntunareiningar, sjá um innsetningu á efni á heimasíðu félagsins o.fl. Framkvæmdastjóri skráir fundargerðir stjórnar og afgreiðir ýmsar samþykktir sem þar koma fram, situr fundi ritnefndar og menntunarnefndar og aðstoðar við verklega þætti sem að þeim nefndum snúa.

Þrátt fyrir að félagið hafi nú tvo starfsmenn í 60% starfi hvor, hvílir enn mjög mikil vinna á þeim sem tekið hafa að sér setu í stjórn og nefndum félagsins og er ólíklegt að einhver breyting verði á því á næstu árum, þar sem verkefnum virðist alltaf vera að fjölga.

Gæðaeftirlit í samræmi við gæðareglur FLE, sem samþykktar voru í maí 2004 og nýjar verklagsreglur um gæðaeftirlit fór í fyrsta sinn fram í árslok 2005. Markmið gæðaeftirlits er

- að hvetja og aðstoða félagsmenn og fyrirtæki þeirra til að uppfylla ströngustu kröfur sem gerðar eru til starfa þeirra á hverjum tíma og
- að tryggja að endurskoðendur innan FLE fullnægi þeirri þörf samfélagsins að veita ávallt

þjónustu í hæsta gæðaflokki og viðhaldi þar með trausti almennings.

Samkvæmt gæðareglunum nær gæðaeftirlitið til allra félagsmanna í FLE sem bera ábyrgð á endurskoðunarverkefnum.

Gæðaeftirlitið skal að jafnaði ná til endurskoðenda á sex ára fresti, en Gæðanefnd getur ákveðið öðra eftirlit vegna sérstakra aðstæðna.

Þar sem um var að ræða fyrsta gæðaeftirlitið með þessum hætti á árinu 2005 þurfti að velja úrtak úr hópi allra félagsmanna FLE, en þeir voru 292 þegar gæðaeftirlitið fór fram. Úrtakið á árinu var 1/6 hluti eða 49 félagsmenn.

Vinna við gæðaeftirlit á árinu 2006 er þegar hafin og er þess að vænta að það gangi enn betur en gæðaeftirlit síðasta árs, þar sem reynsla er kominn á gæðaeftirlitið og sömu gæðaeftirlitsmenn vinna nú að því og á síðasta ári.

Nokkur breyting hefur orðið á skipan menntunarmála vegna náms til undirbúnings að lög-gilding til endurskoðunarstarfa, þar sem tveir háskólar bjóða nú upp á slíkt nám, en það eru Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík, sem hóf kennslu í þeim greinum haustið 2005. Með því að tveir háskólar bjóða upp á nám af þessu tagi hefur myndast samkeppni á milli þeirra, sem ætti að hafa í för með sér að námið verði betra. Það veldur þó nokkrum áhyggjum hversu litill áhugi virðist á að sækja sér aukna menntun á sviði endurskoðunar og reikningsskila í þeim tilgangi að stunda fræða- og kennslustörf á því sviði. Frá því að Námsstyrkjasjóður Félags löggiltra endurskoðenda var settur á fót hinn 4. júní 2003 hefur engum styrk verið úthlutað. Á starfsári þessarar stjórnar barst engin umsókn um styrk úr sjóðnum. Eins og fram kemur í skiplagskrá sjóðsins er markmið hans að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með því að veita styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum. Þær kröfur eru gerðar til styrkþega að þeir hafi lokið bóklegu námi til löggildingar sem endurskoðendur og ætli sér í framhaldsnám á því sviði með það að markmiði að stunda kennslu í endurskoðun og reikningshaldi á Íslandi að námi loknu.

Eins og kunnugt er skulu þeir sem eru hand-

hafar löggildingar til endurskoðunarstarfa að lágmarki sækja endurmenntun sem svarar til 90 eininga á hverju þriggja ára tímabili. Nokkur umræða hefur orðið um það á umliðnum árum að félagið beiti sér ekki af nægilegu afli til þess að tryggja hæfilegt framboð af námskeiðum og ráðstefnum sem gefa endurmenntunareiningar. Þessi gagnrýni hefur fyrst og fremst komið frá endurskoðendum sem ekki starfa hjá stærri endurskoðunaryfirtækjum. Stjórn og menntunarnefnd félagsins hafa lagt mikla áherslu á þessi mál á yfirstandandi starfsári og átt fundi með fulltrúum þriggja háskóla, þ.e. háskólans á Bifröst, auk þeirra tveggja sem þegar eru nefndir, þar sem farið hefur verið yfir endurmenntunarbörf og hvers konar námskeið kynnu að henta félagsmönnum.

Í tengslum við menntunarmál endurskoðenda má geta þess að Norræna endurskoðendasambandið (NRF) tilnefndi á árinu í fyrsta sinn fulltrúa frá FLE í nefnd innan alþjóðasambands endurskoðenda (IFAC), en um var ræða tilnefningu á Krístrúnu Helgu Ingólfssdóttur, í menntunarnefnd IFAC, en hún hefur nú verið skipuð í nefndina til þriggja ára frá og með 1. janúar 2007 að telja.

Þann 8. október s.l. lést Kolbeinn S. Jóhannsson, endurskoðandi, á áttugasta og sjöunda aldursári, en Kolbeinn hlaut löggildinguna á árinu 1950. Kolbeins heitins var minnst á hádegisverðarfundi þann 1. þessa mánaðar.

Á yfirstandandi starfsári stóðust sextán einstaklingar próf til löggildingar í endurskoðun og sóttu þeir allir um og fengu aðild að FLE. Félagsmenn eru nú 308, sem skiptast þannig að starfandi hjá endurskoðunaryfirtæki eða –stofu eru 185 (60%) en annars staðar eða hættir störfum eru 123 (40%). Hinn 31. ágúst árið 2000 eða fyrir sex árum voru félagsmenn í FLE 249 eða 59 færri en nú er, en þá voru starfandi hjá endurskoðunaryfirtækjum 184 félagsmenn. Þeim hefur því aðeins fjölgað um einn endurskoðendunum sem starfa hjá endurskoðunaryfirtækjum á þessum sex árum meðan fjölgun í félaginu er upp á 59 eins og áður kom fram. Flestir voru endurskoðendur starfandi hjá endurskoðunaryfirtækjum 204 á starfsárinu 2002–2003 og hefur þeim því fækkað um 9 frá þeim tíma til þessa dags. Fjölmargar ástæður liggja sjálfsagt að baki þessari þróun, en líklegt er að peningar

skipti þar töluverðu máli og að endurskoðendur beri einfaldlega meira úr bítum í störfum annars staðar en hjá endurskoðunaryfirtækjum. Þetta er sannarlega umhugsunarefni og vekur upp spurningar um hvort þessi þjónusta sé rétt verðlögð.

Einnig er líklegt að síauknar þarfir til endurmenntunar og viðhalds þekkingar vegna tíðra breytinga í umhverfi okkar, ásamt vaxandi ábyrgð dragi úr áhuga manna á að vinna hjá endurskoðunaryfirtækjum.

Þessi þróun í störfum endurskoðenda er þó alls ekki að öllu leyti neikvæð því verkefni endurskoðenda hjá endurskoðunaryfirtækjum hafa breyst á þann hátt að fleiri sérfræðingar sem ekki hafa lokið löggildingunni vinna nú undir stjórn endurskoðenda en áður. Þá er það einnig jákvætt að endurskoðendur eru eftirsóttir sérfræðingar, sem segir okkur það að námið og reynslan sem þeir öðlast hjá endurskoðunaryfirtækjunum eru verðmæt.

Að lokum vil ég þakka framkvæmdastjórn FLE, meðstjórnarmönnum mínum og öllum nefndarmönnum fyrir samstarfið og þeirra störf á liðnu starfsári. Félagsmönnum þakka ég fyrir góða þátttöku í ráðstefnum, fundum og öðrum viðburðum hjá félaginu á starfsárinu.

Lagður fram ársreikningur félagsins til afgreiðslu.

Margrét G. Flóvenz varaformaður félagsins gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár í forföllum gjaldkera.

Rekstrartekjur félagsins námu 26,4 millj.kr., rekstrargjöld 26,7 millj.kr. og fjármunaliðir voru jákvæðir um 1,8 millj.kr. Tekjur umfram gjöld á tímabilinu námu því 1,4 millj.kr. Eignir félagsins skv. efnahagsreikningi námu 24,4 millj.kr. og skuldir 0,3 millj.kr. Eigið fé nam 24,1 millj.kr. Samkvæmt sjóðstreymi var handbært fé frá rekstri 1,5 millj.kr.

Þá greindi Margrét frá ársreikningi Námsstyrkjasjóðs FLE fyrir liðið starfsár. Tekjur sjóðsins á starfsárinu námu 1,6 millj.kr., rekstrargjöld 78 þús.kr. og hagnaður 1,5 millj.kr. Eigið fé sjóðsins í lok starfsársins nam 24,6 millj.kr.

Engar fyrirspurnir voru um skýrslu stjórnar eða ársreikninginn og var ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

Tvær fyrirspurnir komu fram varðandi ársreikning námsstyrkjasjóðs. Fyrri fyrirspurnin kom frá Ásbirni Björnssyni og varðaði raunávöxtun námsstyrkjasjóðs. Lárus svaraði fyrirspurninni á þann veg að valinn hefði verið mjög varfærin ávöxtunarleidd sem skilaði hefði lakri ávöxtun en stjórnin hefði nýverið breytt um fjárfestingarstefnu, með meiri áhættu og væri vænst meiri ávöxtunar í framtíðinni. Seinni fyrirspurnin kom frá Sigurði Tómassyni. Fyrirspurn hans beindist að því að kostnaður vegna fjárvörslu væri 78 þús. kr. en ógreiddur kostnaður væri 369 þús. kr.. Lárus Finnbogason svaraði því til að misræmið fælist í því að verið væri að reikna upp áunna vexti og ógreiddur fjármagnstekjuskattur þeim tengdur væri færður undir liðnum ógreiddur kostnaður.

Skýrslur fastanefnda

Fulltrúar fastanefnda fluttu skýrslur nefndanna en þær voru sendar til fundarmanna fyrir fundinn, með öðrum fundargögnum.

Menntunarnefnd: Krístrún Helga Ingólfssdóttir gerði grein fyrir starfsemi menntunarnefndar. Krístrún greindi meðal annars frá því að skv. IFAC staðli sem tók gildi 1 janúar 2006 er gert ráð fyrir því að endurskoðendur skili 120 einingum í endurmenntun í stað 90 eininga áður. Jafnframt greindi hún frá smíði nýrrar heimasíðu þar sem gert væri ráð fyrir því að endurskoðendur skrái sjálfir endurmenntunareiningar sínar inn á þeirra heimasvæði.

Endurskoðunarnefnd: Ólafur Gestsson fór yfir starfsemi nefndarinnar á liðnu starfsári. Meðal þeirra mála sem unnið var í voru væntanleg innleiðing Áttundu tilskipunar Evrópusambandsins, ný áritun á reikningsskil og stöðluð staðfestinguarbréf til banka og fjármálastofnana.

Reikningsskilanefnd: Erling Tómasson flutti skýrslu nefndarinnar.

Skattanefnd: Birkir Leósson greindi frá starfsemi skattanefndar á liðnu starfsári. Megin áherslurnar voru á yfirferð á frumvörpum til skattalaga, gera tillögur til skattalagabreytinga og skipulagning skattadags.

Ritnefnd: Hrefna Gunnarsdóttir fór yfir skýrslu ritnefndar fyrir liðið starfsár.

Gæðanefnd: Sif Einarsdóttir greindi frá starfsemi gæðanefndar á liðnu starfsári og fór hún



fór yfir helstu niðurstöður gæðaeftirlitsins. Gæðaeftirlit félagsins fer aftur af stað í nóvember og búið er að draga út þá aðila sem verða skoðaðir þetta árið.

Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins

Engar tillögur voru um breytingar á samþykktum.

Kosning formanns

Lárus Finnbogason var kjörinn formaður félagsins til næsta árs.

Kosning varaformanns

Margrét G. Flóvenz var kjörin varaformaður til næsta árs.

Kosning meðstjórnanda

Ásbjörn Björnsson og María Sólbergdóttir voru kjörin sem meðstjórnendur til tveggja ára.

Kosning endurskoðanda og varaendurskoðanda

Einar H. Einarsson var kjörinn endurskoðandi og Guðmundur Jólsson varaendurskoðandi.

Kosning tveggja manna og varamanns í Álitsnefnd til eins árs

Guðmundur Óskarsson og Guðmundur Snorrason voru kjörin aðalmenn og Anna Kristín Traustadóttir sem varamaður.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Endurskoðunarnefnd

Barði Ingvaldsson var kjörinn til þriggja ára og Helga Harðardóttir varamaður.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Reikningsskilanefnd

Erling Tómasson var kjörinn til þriggja ára og Agnar Már Olsen varamaður.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Menntunarnefnd

Ólafur Viggó Sigurbergsson var kjörin til þriggja ára og Árni Claessen varamaður.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Ritnefnd

Eymundur S. Einarsson var kjörin til þriggja ára og Sighvatur Halldórsson sem varamaður.

Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Skattanefnd

Gunnar Þór Ásgeirsson var kjörinn til þriggja ára og Lúðvík Þráinsson sem varamaður.

Kosning eins manns til þriggja ára, kosning eins manns til tveggja ára og varamanns til eins árs í Gæðanefnd

Anna Þóra Benediktsdóttir var kjörin til þriggja ára, Hafdís Böðvardsdóttir var kjörin til tveggja ára og Hólmgrímur Bjarnason sem varamaður.

Kosning eins manns til tveggja ára í námsstyrkjasjóð.

Stefán Svavarsson var kjörinn til tveggja ára.

Tillaga stjórnar um árstíllag félagsmanna næsta reikningsár

Margrét G. Flóvenz kynnti rekstraráætlun fyrir komandi starfsár og lagði fram svohljóðandi tillögu stjórnarinnar:

Stjórn félagsins gerir tillögu um að árstíllag félagsmanna verði 60.000 kr. á starfsárinu 1. september 2006 til 31. ágúst 2007.

Margrét greindi jafnframt frá því að samkvæmt samþykktum félagsins væri heimilt að lækka árstíllag þeirra félagsmanna sem ekki starfa við endurskoðun. Þessi afsláttur hefur verið 50% en fráfarandi stjórn beint því til nýrrar stjórnar að þessi afsláttur verði lækkaður niður í 25%.

Árstíllag að fjárhæð kr. 60.000 var samþykkt með miklum meirihluta.

Önnur mál

Gunnlaugur Kristinsson bað um orðið og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Lagt er til við aðalfund FLE 17. nóvember 2006 að félagið beini þeim tilmælum til aðila, sem standa fyrir námsskæðum á þeim sviðum sem menntun endurskoðenda nær til, komi upp fjárfundarbúnaði í samvinnu við menntastofnanir úti á landi þannig að endurskoðendur á landsbyggðinni verði gefinn kostur á endurmenntun með minni tilkostnaði og fyrirhöfn en nú er. Þá samþykki félagið að vakin verði athygli stjórnvalda á þessum vanda.“

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún einróma samþykkt.

Kristrún Ingólfsdóttir tók til máls og þakkaði fyrir þarfa og góða ábendingu.

Lárus Finnbogason tók til máls og fagnaði tillögu Gunnlaugs og ætlar Lárus að vinna að framgangi hennar.

Valdimar Guðnason þakkaði fundarmönnum því næst fundarsetuna og gaf formanni orðið.

Lárus þakkaði, stjórn, nefndum og framkvæmdastjórum félagsins fyrir samstarfið á liðnu ári.

Að svo mæltu sleit Lárus aðalfundinum kl. 17:00 og bauð til léttra veitinga.

Aðalfundinn sóttu 100 félagsmen

Lúðvík Karl Tómasson
fundarritari

Opnunartími skrifstofu FLE

Mánud. – fimmtud. frá kl. 9 – 12:30

Sími: 568 8118 • Fax: 568 8139 • Tölvupóstfang: fle@fle.is

Heimasíða FLE: www.fle.is

Starfsmenn skrifstofu:

Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir

framkvæmdastjóri:

Beinn sími: 568 2699

Tölvupóstfang: arnbjorg@fle.is

Gunnar Sigurðsson

faglegur framkvæmdastjóri

Beinn sími: 568 2704

Tölvupóstfang: gunnar@fle.is

Stjórn og nefndir 2006–2007

Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2006–2007



Félagsstjórn FLE frá vinstri: Ómar H. Björnsson, Lárus Finnbogason formaður, Margret G. Flóvenz varaformaður, María Sólbergdóttir og Ásbjörn Björnsson.



Menntunarnefnd FLE frá vinstri: Ólafur Viggó Sigurbergsson, Margrét Pétursdóttir, Eggert Teitsson formaður, og Árni Claessen.



Endurskoðunarnefnd FLE frá vinstri: Barði Ingvaldsson, Hildur Sigurðardóttir formaður, Helga Harðardóttir og Ólafur Gestsson.



Reikningskilanefnd FLE frá vinstri: Erling Tómasson, Ólafur Þór Jóhannesson formaður, Reynir Stefán Gylfason, á myndina vantar Agnar Már Olsen.



Skattanefnd FLE frá vinstri: Lúðvík Þráinsson, Einar Ólafsson formaður, Jón Örn Guðmundsson og Gunnar Þór Ásgeirsson.



Ritnefnd FLE frá vinstri: Eymundur Sveinn Einarsson, Björg Sigurðardóttir, Auður Ósk Þórisdóttir formaður og Sighvatur Halldórsson.



Gæðanefnd FLE frá vinstri: Anna Þóra Benediktsdóttir, Kristinn Freyr Kristinsson formaður, Hafdís Böðvardsdóttir, og Hólmgrímur Bjarnason.

Félagsstjórn

Lárus Finnbogason, formaður
Margrét G. Flóvenz, varaformaður
Ómar H. Björnsson,
Ásbjörn Björnsson,
María Sólbergdóttir,

Álitsnefnd

Lárus Finnbogason
Margrét G. Flóvenz
Sigurður B. Arnþórsson
Guðmundur Snorrason
Guðmundur Óskarsson
Anna Kristín Traustadóttir, varamaður

Endurskoðendur

Einar H. Einarsson,
endurskoðandi
Guðmundur Jólsson,
varaendurskoðandi

Menntunarnefnd

Eggert Teitsson, formaður
Margrét Pétursdóttir
Ólafur Viggó Sigurbergsson
Árni Claessen, varamaður

Endurskoðunarnefnd

Hildur Sigurðardóttir, formaður
Ólafur Gestsson
Barði Ingvaldsson
Helga Harðardóttir, varamaður

Reikningskilanefnd

Ólafur Þór Jóhannesson, formaður
Reynir Stefán Gylfason
Erling Tómasson
Agnar Már Olsen, varamaður

Skattanefnd

Einar Ólafsson, formaður
Jón Örn Guðmundsson
Gunnar Þór Ásgeirsson
Lúðvík Þráinsson, varamaður

Ritnefnd

Auður Ósk Þórisdóttir, formaður
Björg Sigurðardóttir
Eymundur Sveinn Einarsson
Sighvatur Halldórsson, varamaður

Gæðanefnd

Kristinn Freyr Kristinsson, formaður
Hafdís Böðvardsdóttir
Anna Þóra Benediktsdóttir
Hólmgrímur Bjarnason, varamaður



Gæðanefnd FLE



Ólafur B. Kristinsson endurskoðandi stýrði námskeiðinu.

Stærsta verkefni gæðanefndar FLE á líðandi ári var gæðaeftirlit og yfirferð gæðaeftirlitsskýrslna. Einnig hefur gæðanefnd lagt áherslu á uppbyggingar- og stuðningshlutverk sitt, ásamt eftirlitshlutverkinu.

Námskeið um gæðaeftirlit, gæðahandbók FLE og staðla um gæðamál.

Gæðanefnd FLE hélt í samvinnu við Ólaf Kristinsson endurskoðanda námskeið um gæðahandbók FLE og gæðaeftirlitið. Námskeiðið var vel sótt og mættu 45 manns. Gæðanefnd FLE vonar að félagsmenn séu vel undirbúnir undir gæðaeftirlit næsta starfsárs sem hefst innan skamms.

Þessar myndir voru teknar á námskeiðinu.

Gæðaeftirlit

Miklar breytingar hafa orðið á störfum gæðanefndar síðastliðin fjögur ár, síðan víkjandi formaður tók sæti í nefndinni sem varamaður. Um það leyti hófst undirbúningur að formlegu gæðaeftirliti félagsmanna á einstaklingsgrundvelli. Þá fékk nefndin það verkefni að semja reglur um

gæðaeftirlit og í framhaldinu verklagsreglur til að vinna eftir við gæðaeftirlitið.

Gæðaeftirlit með störfum endurskoðanda, félagsmanna FLE, á einstaklingsgrundvelli, hófst haustið 2005, en þá var tekið úrtak 1/6 hluta félagsmanna FLE og höfðu 24 þeirra endurskoðað reikningskil vegna 2004. Fengu þeir allir heimsókn frá gæðaeftirlitsmönnum. Niðurstöður eftirlitsins voru þær að rúmlega 70% þeirra sem fengu skoðun voru með jákvæða niðurstöðu úr eftirlitinu. Haustið 2006 var aftur dreginn út

1/6 félagsmanna og er fjöldi þeirra sem höfðu endurskoðað reikningskil vegna 2005 aðeins fleiri en í fyrra eða 33 talsins og var áætlað að eftirlitið hæfist í nóvember.

Faglegur framkvæmdastjóri

Á sama tíma og gæðaeftirlitið hófst hafði faglegur framkvæmdastjóri FLE hafið störf hjá félaginu. Ekki er annað hægt en að minnast á hversu mikill fengur var að því fyrir gæðanefnd að geta leitað til Gunnars nú þegar verkefni



Endurskoðendur fylgdust vel með því sem fram fór.



Kristinn Freyr Kristinsson, Sif Einarsdóttir og Ólafur B. Kristinsson.

nefndarinnar voru orðin jafnviðamikil og raunber vitni. Gæðanefnd kann Gunnari Sigurðssyni bestu þakkir fyrir hans störf enda hefur hann unnið ötulllega við hlið nefndarinnar og væri nefndin vart starfhæf án hans, miðað við núverandi umfang verkefna hennar.

Það verður spennandi að fylgjast með framvindu gæðaeftirlitsins næstu árin, ekki síst þegar að því kemur að 8. tilskipun Evrópusambandsins fær lagalegt gildi hér á landi, og hvaða áhrif það hefur á gæðaeftirlit FLE.

Gæðanefnd FLE

Skattadagur FLE

Skattadagur FLE árið 2006 var haldinn 13. janúar s.l. á Grand Hótel. Dagskráin var með hefðbundnu sniði og alls mættu 199 manns á skattadaginn að fyrirlesurum meðtöldum. Formaður félagsins Lárus Finnbogason setti ráðstefnuna en síðan tók ráðstefnustjórinn Árni Tómasson við stjórn hennar.

Fyrstur á mælendaskrá var Jón Örn Guðmundsson, endurskoðandi, en hann greindi frá nýlegum breytingum á lögum og reglugerðum um tekju- og eignarskatt og öðrum skattalögum. Hann fjallaði einnig um eldri breytingar sem áttu eftir að taka gildi. Töluverðar breytingar voru á skattalögum en þar bar einna hæst samsköttun í virðisaukaskatti.

Erla Þuríður Guðmundsdóttir, hdl. fjallaði um skattlagningu milli landa, varðandi félög og einstaklinga. Erindið var mjög fróðlegt og samannburðurinn athyglisverður.

Garðar Valdimarsson, endurskoðandi og hrl, fjallaði um tvísköttunarsamninga, tilgang þeirra, framkvæmd og reynslu af þeim. Í erindinu fjallaði hann m.a. um þær reglur sem giltu um þetta efni svo og þau álitæfni sem upp hafa komið í skattframkvæmd hér á landi. Garðar taldi að það vantaði reglur í innlenda löggjöf til að koma í veg fyrir tvísköttun svo og að um ósamræmi væri

að ræða í túlkun tvísköttunarsamninga hjá fjármálaráðuneyti og ríkisskattstjóra.

Elín Árnadóttir, hdl. fjallaði um takmarkaða skattlagningu erlendra launþega og verktaka svo og hlut starfsmannaleiga bæði innlendra og erlendra. Hún fór yfir þær reglur sem í gildi eru um efnið svo og fjölmörg álitæfni og vandamál sem eru til staða á þessu sviði.

Eftir kaffihlé flutti Eggert Skúli Þórðarson, skattrannsóknarstjóri erindi sitt sem fjallaði um þróun skattrannsókna síðustu árin, einkum með tilliti til réttarstöðu sakborninga. Erindið var mjög athyglivert.

Indriði Þorláksson, ríkisskattstjóri, gerði grein fyrir breyttum áherslum og nýjum sjónarmiðum í skattframkvæmd. Erindið var fróðlegt og þar fór hann meðal annars yfir þjónustukönnun sem embætti ríkisskattstjóra lét gera.

Rúsínan í pylsuendanum var síðan eins og oft áður á skattadögum FLE umfjöllun Steinþórs Haraldssonar, lögfræðings hjá Ríkisskattstjóra um nokkra athyglisverða nýlega dóma og úrskurði í skattamálum.

Rétt er að benda á að glærur allra fyrirlesaranna nema eins eru á heimasíðu FLE undir liðnum „Efni frá ráðstefnum“.

Farsælt nýtt ár

Félag löggiltra endurskoðenda sendir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar óskir um gott og farsælt nýtt ár. Okkar bestu þakkir fyrir velvilja, gott samstarf og samverustundir á árinu sem er að líða.



*Stjórn FLE
Ritnefnd FLE*





Breytingar á refsimeðferðarleiðum í skattsvikamálum



Skúli Eggert Þórðarson skatt-rannsóknarstjóri.

Á árlegum skattadegi Félags löggiltra endurskoðenda sem haldinn var í janúar 2006 flutti greinarhöfundur fyrirlestur um ýmsar breytingar í skattframkvæmd á síðustu árum, einkum um betri réttarstöðu manna sem sæta rannsókn fyrir ætluð brot á skattalögum. Greinarkorn það sem hér birtist byggir á þeim fyrirlestri að hluta en umfangsins vegna eru ekki tók á að birta fyrirlesturinn í heild sinni. Í þess stað er þessum þætti í fyrirlesturinn gerð nokkru fyllri skil með því að líta einkum til þeirra breytinga sem orðið hafa á refsimeðferðarleiðum í skattsvikamálum síðustu ár. Önnur atriði úr fyrirlestri greinarhöfundar frá skattadegi endurskoðenda þurfa því að bíða síðari tíma.

Um langt árabíl eða í rösk 40 ár hafa refsimeðferðarleiðir í skattsvikamálum verið tvær, annars vegar svokölluð stjórnsýsluleið sem felst í lokaðri meðferð lögskipaðrar nefndar sem er bær til þess að ákveða sektargreiðslur fyrir brot og hins vegar dómsmeðferð þar sem málalok eru með dómi. Báðar þessar aðferðir eiga það sameiginlegt að fram fer sókn og vörn og mat er lagt á það hvort lögfull sönnun fyrir broti liggir fyrir. Eðli máls samkvæmt er slík meðferð í hverju máli nokkuð fyrirferðarmikil og tekur því nokkurn tíma. Hinn sakaði aðili er í óvissu um niðurstöðu málsins, þ. á m. um viðurlögin, komi til beitingar þeirra. Í skattamálum er það reyndar svo að sönnunargögn eru oftast hlutlæg og minna er byggt á vitnisburði eða öðrum per-

sónubundnum sönnunargögnum. Sönnunarstaðan er því oftast sterk og sjaldnast ágreiningur um ætluð brot eða málsatvik að öðru leyti.

Fyrir meira en tveimur áratugum var því fyrst hreyft opinberlega að refsíákvörðun í skattsvikamálum ætti að vera viðurlutaminni þegar sök væri að fullu sönnuð. Var þessum sjónarmiðum m.a. lýst í álitni nefndar sem kannaði umfang skattsvika á árunum 1984–1986. Gerði nefndin tillögur í þessa veru í niðurstöðum úttekar sinnar. Áður höfðu átt sér stað í einhverjum mæli viðræður á milli fjármálaráðuneytis og skattfyrivalda hvort að tillögur af þessu tagi gætu aukið skilvirkni og hraðað meðferð mála en formlegar tillögur höfðu ekki verið gerðar.

Í álitni nefndarinnar sem kannaði umfang skattsvika – þeirrar fyrstu – var lagt til að sektir fyrir minni háttar skatta- og bókhaldsbrot yrðu ákveðnar af skattrannsóknarstjóra. Lagði nefndin til að lögfest yrði „sektarheimild skattrannsóknarstjóra vegna bókhaldsbrot“ eins og það var orðað í skýrslu nefndarinnar. Á þeim tíma voru bókhaldsbrot nokkuð fyrirferðarmeiri málaflokkur en nú er orðið og augljóst að þau voru fylgifyrirkvæmt skattsvika og annarrar refsiverðrar háttsemi á skattalögum. Sáú menn fyrir sér að unnt væri að afgreiða nokkurn fjölda mála með skilvirkum hætti. Ekki varð úr að frumvarp kæmi fram á Alþingi um þetta málefni þótt vissulega væri áhugi fyrir slíku. Án efa skipti þar miklu að löggjafinn var á sama tíma að taka til meðferðar mestu skattabreytingar sem þá voru áformaðar í íslensku þjóðlífi um árabíl, staðgreiðslu opinberra gjalda.

Hugmyndin um sektarheimild skattrannsóknarstjóra lá því í láginni um árabíl en kom þó reglulega upp aftur á síðari árum en þá frekar á þann hátt að ljúka refsimeðferð minni skattsvika- og vanskilamála með sektargerð. Hugmyndir af þessu tagi komu síðast fram opinberlega í tillögum hinnar síðustu skattsvikanefndar

sem vann að athugunum á umfangi skattsvika á árunum 2002–2004 og lauk störfum í desember 2004.

Fyrsta skrefið að almennri sektarheimild skattrannsóknarstjóra var stigið fyrir tveimur árum þegar skattrannsóknarstjóra ríkisins var fengin heimild til að ljúka málum vegna brota á lögum um ólúgjald með sekt. Það er raunar svo að ekki hefur reynt á refsíákvæði þeirra laga hjá skattrannsóknarstjóra og ýmislegt þykir vera í þeirri löggjöf sem þarfnast endurskoðunar við. Er nú unnið að endurskoðun refsíákvæða þeirra laga og standa vonir til að frumvarp þess efnis verði lagt fram á yfirstandandi þingi.

Með lögum nr. 134/2005 var samþykkt á Alþingi lagafrumvarp þar sem skattrannsóknarstjóra ríkisins er veitt heimild til að bjóða skattaðila að ljúka refsimeðferð í skattsvika- og/eða vanskilamálum með því að gangast undir sekt sem ákveðin er af skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Með heimild þessari er á athyglisverðan hátt brotin upp sú málsmeðferðartilhögun sem fyrr var lýst og skiptist í sektarmeðferð yfirskaðna nefndar og dómsmeðferð. Raunar er aðdragandi lagabreytingarinnar einkar athyglisverður en Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis átti þar allan heiður. Við umfjöllun nefndarinnar um þingmannafrumvarp sem miðaði að því að milda refsingar í svokölluðum vanskilamálum kom til umræðu í Efnahags- og viðskiptanefnd hversu þunglamaleg meðferð mála vegna skattalagabrotu væri og brýnt væri að gera þar réttarbót á. Var það ekki síst þau sjónarmið að skattaðilar mættu bíða um langa hríð eftir endanlegum niðurstöðum í þeirra málum eftir að rannsókn lyki. Við undirbúning lagabreytingarinnar kallaði nefndin m.a. til sín óháða sérfræðinga og fræðimenn í stjórnsýslurétti til að fara yfir hugmyndir nefndarinnar um breytingar. Frumvarpið varð svo að lögum mótaskvæðalaust.

Að fengnum hinum nýju lagaákvæðum eru nú þrjár refsimeðferðarleiðir mögulegar.

- sektarákvörðun skattrannsóknarstjóra
- sektarmedferð yfirsattaneftndar
- lögreglu- og dómsmeðferð.

Þannig er nú unnt að ljúka máli á stjórnslustigi skattrannsóknarstjóra, þegar að rannsókn lokinni, auk hefðbundinnar sektarmedferðar fyrir yfirsattaneftnd og dómstólaleiðar. Á vissan hátt má segja að slík málalok svipti til sektargerðar lögreglu – eins konar utanréttarsátt – sem ákveðin er af stjórnvaldi.

Heimild skattrannsóknarstjóra til að ljúka máli með sekt er bundin ákveðnum skilyrðum:

- brot þarf að vera talið skýlaust sannað
- sökunaut skal fyrirfram tilkynnt hver sektarfjárhæðin verður
- sökunautur þarf að fallast á að ljúka máli með þessum hætti
- sektarákvörðun skal lokið innan 6 mánaða frá því að rannsókn lauk

Ef refsimeðferð máls er lokið með sektargerð hjá skattrannsóknarstjóra verður máli hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmedferðar hjá yfirsattaneftnd.

Sektir geta numið frá 100 þús. kr. en þó aldrei hærrí fjárhæð en 6 milljónum kr. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Eins og öðrum stjórnvaldssektum fylgir ekki vararefning ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins um sektir. Mælt er fyrir um það í lögum að senda skuli ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er með þessum hætti og getur ríkissaksóknari borið ákvörðunina undir dómara til ónýtingar hennar ef hann telur að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skattrannsóknarstjóra eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti.

Frá sjónarhóli sökunautar er þessi refsimeðferðarleið honum hagstæð að ýmsu leyti. Honum er fyrirfram gert kunnugt um hver verði sektarákvörðunin, málinu er lokið hjá stjórnvaldi og hefur því ekki áhrif á sakaskrá og refsivist er ekki ákvörðuð. Tvennt er þó mikilvægast frá sjónarhóli langflestira sökunauta. Máli er lokið mun fyrr en ella og málalok eru ákvörðuð í kyrrþey án

afskipta eða frásagnar fjölmiðla. Án efa er slík umfjöllun sem oftast en ekki fylgir dómsmeðferð, það sem flestir sökunautar í málum vegna brota á skattalögum vilja forðast. Raunar má með góðum rökum halda því fram að slík umfjöllun er oft á tíðum þungbærari en sjálf málsmeðferðin og jafnvel refsingin.

Þegar skattadagur FLE var haldinn í janúar 2006 var framkvæmd laganna ekki hafin og því ekki unnt að greina frá viðhorfum þeirra sem eiga þess kost að hagnýta sér þessa leið. Af fenginni reynslu það sem af er ársins 2006 er ljóst að til framtíðar séð muni refsimeðferð verulegs hluta mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins ljúka með þessum hætti. Það sem af er árinu 2006 hefur 49 málum verið lokið með sektargerð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins en það er nokkru fleiri en þau sem hefur verið lokið með öðrum hætti hjá embættinu, sektarmedferð fyrir yfirsattaneftnd eða dómsmeðferð.

Í kjölfar laga nr. 135/2005 var reglugerð nr. 373/2001 um framkvæmd skatteftirlits og skatt-

rannsóknna, breytt í samræmi við hinar nýju laga-reglur. Þar er m.a. fjallað um, hvernig sökunautur eigi að bera sig að kjósi hann að ljúka refsimeðferð máls með sekt hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, hvað eigi að koma fram í sektarboðinu og um málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins að öðru leyti.

Ætla má að afleiðing af lagabreytingunni verði einkum sú að úrskurðum yfirsattaneftndar og dómum vegna skattsvika mun á næstu árum fækka mjög verulega. Það kann að vera að með fækkun dóma muni almenn varnaðaráhrif vegna þeirra dvína en um leið má vera ljóst að aðeins hin allra alvarlegustu skattsvikamál muni koma til kasta lögreglu. Hlýtur slíkt að létta undir með lögreglu sem ætti að leiða til þess að þau máls sem sæta opinberri meðferð fái það brautargengi sem nauðsynlegt er og lög kveða á um en nokkuð hefur skort á að svo hafi verið undanfarin ár.

Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 3 janúar 2007
- Skattadagur FLE, Grand Hótel föstudagur 19. janúar 2007
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. febrúar 2007
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. mars 2007
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 4. apríl 2007
- Endurskoðunardagur FLE, Grand Hótel – Gullteigur, föstudagur 13. apríl 2007
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 2. maí 2007
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 6. júní 2007
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 5. september 2007
- Námskeið um gæðamál, Grand Hótel, fimmtudagur 20. september 2007
- Reikningssskiladagur FLE, Grand Hótel föstudagur 21. september 2007.
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 3. október 2007
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. nóvember 2007
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 5. desember 2007
- Hausráðstefna FLE, Grand Hótel föstudagur 16. nóvember 2007
- Aðalfundur FLE, Grand Hótel föstudagur 16. nóvember 2007



Endurskoðunardagur FLE

Endurskoðunardagur FLE árið 2006 var haldinn 7 apríl s.l. á Grand Hótel. Mjög góð þátttaka var af hálfu félagsmanna og þátttakendur voru alls 161. Formaður félagsins, Lárus Finnbogason, setti ráðstefnuna en síðan tók Margrét Pétursdóttir, endurskoðandi, við ráðstefnustjórnuninni.

Fyrstur á mælendaskrá var Benedikt K. Magnússon, verkefnastjóri hjá fyrirtækjasviði KPMG. Fjallaði hann um mat á viðskiptavild og mikilvæg atriði við endurskoðun. Í inngangi sínum fór hann yfir breytinguna á mati viðskiptavildar frá því að vera afskrifuð línulega í það að vera metin með svokölluðu virðisrýrnunarprófi á hverju ári og oft- ar ef virði eigna getur hafa rýrnað. Einnig fjallaði hann um að við sameiningu fyrirtækja beri að útluta kaupverðinu á eignir og það sem eftir standi verði viðskiptavild. Skilgreina þarf sjálfstæðar sjóðskapandi einingar (CGU, Cash Generating Unit) og útluta viðskiptavildinni á þær. Viðskiptavild hverrar CGU verði síðan að prófa árlega. Því næst fór hann yfir þau atriði sem ber að hafa í huga við framkvæmd virðisrýrnunarprófa og benti á að það er hlutverk endurskoðenda að yfirfara virðisrýrnunarprófin en ekki að framkvæma þau. Endurskoðendur eiga að hafa þekkingu á viðfangsefninu, vera óháðir, hafa yfirsýn og skilja rekstur fyrirtækisins og viðskiptalíkanið.

Morten Speitzer Renge, endurskoðandi hjá Deloitte í Danmörku, er formaður endurskoðunarnefndar FSR (Félag löggiltra endurskoðenda í Danmörku) og á sæti í endurskoðunarnefnd Evrópusambandsins. Morten flutti tvö erindi. Í fyrra erindinu fjallaði hann um 8. félagaréttartilskipun ESB og þróun mála í Danmörku. Fór hann yfir sögulegan aðdraganda tilskipunarinnar og tímamörk innleiðingarinnar. Jafnframt fór hann ítarlega yfir innihald tilskipunarinnar. Að lokum fór hann yfir innleiðingarferlið í Danmörku og ný lög sem afnema lögbundna endurskoðun á minni fyrirtækjum. Í seinna erindi sínu fjallaði hann um alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Fór hann yfir nýja staðla á árinu 2005 og 2006 og gerði ISA 230, Audit documentation sérstök skil. Næst fjallaði hann um verkefni alþjóðlegu nefndarinnar að bæta gæði ISA staðlana. Að lokum fjallaði hann um endurskoðun á smærri fyrirtækjum í samræmi við ISA staðlana og velti upp spurningum eins og hvort ISA sé aðeins fyrir stærri skráð fyrirtæki og hvort það sé rétt að þróa umfangsminni staðla „ISA-light“ fyrir minni fyrirtæki.

Ólafur B. Kristinsson, endurskoðandi hjá PwC hf., fjallaði um siðareglur endurskoðenda (IFAC Code of Ethics). Í inngangi sínum fór hann yfir

hvað væru siðareglur, þörfina á þeim, viðhorf til þeirra og fyrir hverja siðareglurnar séu. Næst fjallaði hann um siðareglur IFAC. Fór hann yfir uppsetningu siðareglanna en þeim er skipt í þrjú hluta; A – almennar reglur, B – endurskoðendur starfandi við endurskoðunarþjónustu og C – endurskoðendur starfandi á öðrum vettvangi. Fór hann yfir innihald hvers hluta, hættur sem leitt geta til að brotið sé gegn meginreglum og hvar varnir gegn slíku má finna.

Margret G. Flóvenz, endurskoðandi hjá KPMG, fjallaði um óhæði endurskoðenda. Hún byrjaði erindi sitt á að fara yfir hvers vegna óhæði er mikilvægt, reglusetningu um óhæði og íslenskar reglur. Fjallaði hún um breytingar á 8. félagaréttartilskipun ESB og fjallaði sérstaklega um fjórða kafla tilskipunarinnar sem fjallar um óhæði og hvað aðildarríkin skulu gera til að tryggja óhæði. Jafnframt fjallaði hún um ellefta kafla tilskipunarinnar sem fjallar einnig um óhæði og innifelur sérstök ákvæði um skráð félög og aðra aðila þar sem almenningur á hagsmuna að gæta. Næst fjallaði hún um tilmæli framkvæmdastjórnar ESB frá 16. maí 2002 um óhæði löggiltra endurskoðenda í Evrópusambandinu. Fjallaði hún um hvernig tilmælunum er skipt upp í tvo hluta: A – meginkröfur og B – ýmsar sérstakar aðstæður og fór yfir efni hvers hlutar. Að lokum fjallaði hún um hvað framundan er: innleiðing 8. tilskipunarinnar, aðkomu endurskoðenda og þörfina á íslenskum reglum.



Ráðstefnustjóri Reikningsskiladags FLE, Margrét Pétursdóttir endurskoðandi hjá Ernst & Young hf.

Reikningsskiladagur FLE var haldinn þann 22. september síðastliðinn á Grand Hotel í Reykjavík. Þátttakendur voru 194. Líkt og fyrri ár þá var undirbúningur og skipulagning í höndum reikningsskilanevndar.

Reikningsskiladagur FLE

Fyrirlesarar komu víða að. Árni Tómasson fjallaði um margfaldara í reikningsskilum, m.a. um rannsóknir á EBITDA margföldurum. Michael Sten Larsen fjallaði um reynslu af innleiðingu IFRS í Danmörku, einnig kom hann inná þau málefni sem nú eru í pípunum hjá alþjóðlegu nefndinni, m.a. aukið samstarf IASB og FASB. Jón Arnar Baldurs fjallaði um eftirlitshlutverk ársreikningaskrár og hvernig þróun á eftirlitstarfseminni hefur verið. Árni Oddur Þórðarson fjallaði um skráningu og viðskipti íslenskra

hlutabréfa í Evrum og kom m.a. inná áhrif af samruna Kauphallar Íslands við OMX.

Það var ekki annað að heyra á fundargestum en mikil ánægja hafi ríkt með reikningsskiladaginn að þessu sinni. Nefndin lagði á það áherslu að fá erlendan fyrirlesara og einnig fá inn sjónarhorn atvinnulífsins. Það er óneitanlega ljóst að það að fá öflugan erlendan fyrirlesara gefur viðburðum sem þessum aukna vigt.

Athygli er vakin á því að glærur fyrirlesara eru aðgengilegar á heimasíðu FLE.

Haustráðstefna FLE

Haustráðstefna félagsins var haldin þann 17. nóvember á Grand Hótel. Þema dagsins var Ísland og alþjóðleg skattamál. Haustráðstefnur félagsins hafa hingað til fjallað um efni almenns eðlis eða reikningskil og var því ákveðið að þessu sinni að leggja áherslu á skattamál. Markmiðið með ráðstefnunni var að upplýsa þátttakendur um áhrif EES samningsins og Evrópuréttar á íslenskt skattaumhverfi ásamt því að fjalla um samkeppnisstöðu Íslands við önnur lönd í skattalegu tilliti.

Að lokinni setningu formanns, Lárusar Finnbogasonar ávarpaði Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra ráðstefnuna þar sem hann meðal annars ræddi um vinnu við innleiðingu á 8. tilskípun Evrópusambandsins sem mun hafa áhrif á löggjöf um störf endurskoðenda og menntun þeirra ásamt því að hann lagði áherslu á að eiga hér eftir sem hingað til gott samstarf við endurskoðendur.

Guðmundur Snorrason endurskoðandi var ráðstefnustjóri og kynnti hann fyrst til leiks Ingibjörgu Þorsteinsdóttur, lektor við lagadeild Háskólans á Bifröst en erindi hennar hét „Áhrif EES-samningsins á íslenskan skattarétt“. Ingibjörg kynnti grunnatriði EES samningsins og áhrif hans á íslensk lög. Ingibjörg hefur verið að skoða áhrif fjórfrelsisákvæða EES á tiltekin ákvæði íslenskra skattalaga s.s. skattlagningu arðgreiðslna og samsköttun móður- og dótturfélaga. Í fyrirlestri sínum kom hún inná að ákvæði samningsins geti gengið lengra en lög í landinu. Nefndi hún þar dæmi um mismunun í virðisaukaskatti á bækur eftir tungumálum. Fjallaði hún almennt um fjórfrelsisákvæði EES, hvernig þau hafa og geta haft áhrif á skattareglur aðildarríkja og hvort líklegt sé að okkar reglur á nefndum sviðum séu í andstöðu við EES samninginn. Benti hún á að í íslenskum skattalögum sé einungis heimilt að samskatta félög innan samstæðu ef félögin eru íslensk, ekki sé heimilt að samskatta við erlend félög. Þarna gæti verið um að ræða brot á EES samningnum þar sem þetta ákvæði er í andstöðu við markmið um einleita Evrópu.



Ólafur Nilsson og Ingí R. Jóhannsson.



Helga Harðardóttir, Margret G. Flóvenz og Sigurður B. Arnþórsson.

Næst tók til máls Eva Margrét Ævarsdóttir, lögmaður hjá Lex lögmannastofu. Erindi hennar bar heitið „Fjallað verður um evrópurétt, þróun í evrópurétti, áhrif á íslenskan skattarétt og áhrif dóma Evrópudómstólsins á Íslandi. Hvað ESB er að gera á sviði skattaréttar og hvert er verið að horfa“ Eva Margrét fór yfir grundvöll hins sam-eiginlega markaðar sem eru fjórfrelsisreglurnar, fór yfir hvaða ákvæði evrópusambands-samningsins tengjast skattamálum og sagði frá því að einróma samþykki allra aðildarríkja þyrfti til að

setja reglur á sviði beinna skatta. Í máli Evu kom fram að úrskurðum Evrópudómstólsins á sviði beinna skatta er að fjölga verulega og voru þeir fimmtíu á árunum 1995 til 2005. Í 90% tilvika var niðurstaða dómstólsins sú að skattareglur viðkomandi ríkis samræmdust ekki samningnum. Það sem skiptir okkur Íslendinga máli í þessu efni er það að flestir dómar ESB á sviði beinna skatta byggja á reglum Evrópusambandsins og EES samningsins þ.a. við erum á sama báti og aðildarríki ESB.



Guðmundur Snorrason ráðstefnustjóri Hausráðstefnu FLE, Lárus Finnbogason formaður FLE, Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, lektor og Eva Margrét Ávarsdóttir, lögmaður.

Næstur á mælendaskrá var Stefan Magnus hjá skattasviði KPMG á Íslandi. Hann fjallaði um skattasniðgöngureglur á evrópska efnahagssvæðinu, í hvaða tilvikum aðildarfélögum væri heimilt væri að setja slíkar reglur og í hvaða tilvikum það er ekki heimilt. Stefan fjallaði sérstaklega um tilvik þar sem skattasniðgöngu reglur voru dæmdar ógildar þar sem þær voru hindrun á frjálsum flæði fjármagns.

Eftir þessa þrjá fyrirlestra var aðeins skipt um gír og farið hinum megin við hafið þegar Vala Valtýsdóttir lögmaður hjá Taxis fjallaði um væntanlegan nýjan tvísköttunarsamning á milli Íslands og Bandaríkjanna. Samningurinn sjálfur liggur ekki fyrir en Vala hafði fengið ábendingar um innihald hans og hvað það væri helst í honum sem myndi breytast frá þeim eldri. Gagnrýndi Vala að samningsdrög lægju ekki fyrir og ekki

væri ljóst hvenær hann yrði birtur, sérstaklega í ljósi þess að væntanlega væru í honum ákvæði sem væru íþyngjandi frá þeim samningi sem nú er. Taldi Vala að ákvæði í samningum myndu draga úr tekjum ríkissjóðs um allt að einum milljarði á ári hverju og ákvæði í honum stæðust ekki samninginn um hið evrópska efnahagssvæði þar sem hann mismunaði aðilum eftir búsetu.

Eftir hádegismat komu tvö erindi sem fjölluðu um tillögur að því að gera og kynna Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð og aðlaðandi starfsstöð fyrir alþjóðleg félög. Í fyrra erindinu kynnti Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri í Forsætisráðuneytinu hugmyndir nefndar sem skipuð var fyrir um ári síðan af þáverandi forsætisráðherra. Nefndin hafði nýlega lokið störfum sínum og afhent skýrslu þess efnis. Helstu hugmyndir nefndarinnar voru stíglækkandi tekjuskattur á félög,

stofnaðir verði alþjóðlegir lífeyrissjóðir, einfaldari reglusetningu hins opinbera, öruggt fjar-skiptasamband, takmarkandi skattskylda erlendra aðila hér á landi af hlutabréfum í íslenskum fyrirtækjum og af þóknunum verði felld niður og fl. Í seinna erindinu greindi Þórður H. Hilmarrsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingastofu frá hlutverki Fjárfestingastofu og alþjóðlegri kynningarherferð Fjárfestingastofu á samkeppnishæfni Íslands í skattalegu tilliti fyrir alþjóðleg fyrirtæki og eignarhaldsfélög. Hann kom inná helstu kosti og galla Íslands sem starfsstöðvar fyrir alþjóðleg félög.

Ráðstefnan endaði síðan á erindi Stefáns Ólafssonar, prófessors við Háskóla Íslands þar sem hann kynnti rannsóknir sínar á þróun skattbyrði almennings og áhrif skattastefnu sl. áratugar á kaupmáttarþróun og tekjuskiptingu á Íslandi. Samkvæmt rannsóknum hans hafa kjör almennings á Íslandi versnað síðustu ár vegna aukinnar skattbyrði og kjör láglaunafólks þá helst þar sem persónuafsláttur hefur ekki fylgt almenni verðlagsþróun.

Það verður að teljast mjög ánægjulegt hversu vel var mætt á ráðstefnuna og hversu vel hún gekk í alla staði. Það er félaginu til sóma að halda uppi öflugri umræðu um það sem efst er á baugi hverju sinni.

Að lokum viljum við minnum á að glærur allra fyrirlesara eru nú aðgengilegar á vef FLE.



Jónatan Ólafsson, Guðmundur Óskarsson, Helgi F. Arnarson og Ómar Kristjánsson.

Menntunarnefnd FLE.

Þróun í Evrópumálum

Inngangur

Eitt af markmiðum Evrópusambandsins er að láta verða að veruleika innri markað Evrópusambandsins, eða hinn sameiginlega markað. Grundvöllur hins sameiginlega markaðar eru fjórfrelsisreglurnar, frjálst flæði vöru, frjáls för launþega með staðfesturéttinum, frjálst flæði fjármagns og frjáls þjónustustarfsemi, sameiginlegar samkeppnisreglur og afnám mismununar á grundvelli þjóðernis. Aðildarríki ESB vinna saman að því að fjarlægja helstu hindranir í vegi þess að hinn sameiginlegi markaður verði að veruleika. Grundvallarreglurnar um hann eru settar fram í Rómarsáttmálanum. Á grundvelli hans hafa verið settar tilskipanir og reglugerðir sem útfæra nánar markmið Evrópusambandsins.

Ákvæði Rómarsáttmálans um skattamál

Rómarsáttmálinn hefur að geyma ýmis ákvæði þar sem er vísað beint eða óbeint til skattamála. Í kaflinum um frjálst flæði vöru er ákvæði um tollabandalag aðildarríkjanna og sameiginlega tolla gagnvart þriðju ríkjum. Einnig er þar ákvæði sem leggur bann við innflutnings- og aðflutningsgjöldum og gjöldum sem hafa sambærileg áhrif. Þá er lagt bann við magntakmörkunum á innflutning auk þess sem hann hefur að geyma ítarleg ákvæði um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis. Þá fjalla nokkur ákvæði um ríkisstyrki og óbeina skattlagningu og að lokum er rétt að nefna ákvæði sem mælir fyrir um afnám tvísköttunar innan Evrópusambandsins. Eins og sjá má af þessu er bein skattlagning ekki nefnd á nafn í sáttmálanum, ólíkt óbeinni skattlagningu. Óbein skattlagning hefur frá upphafi verið í sviðsljósinu hjá ESB en nú á seinni árum hefur umræða á sviði beinnar skattlagningar ekki verið minna áberandi.

Heimildir til samræmingar á sviði skattamála

En hefur Evrópusambandið einhverjar heimildir til að setja reglur á sviði beinnar skattlagningar? Áður en hægt er að svara því verður að skoða hvernig löggjöf er samræmd með tilskipunum.

Þegar í hlut eiga reglur sem er ætlað að koma á fót hinum sameiginlega markaði er almenna reglan við samþykkt slíkra tilskipana að aukinn meirihluti aðildarríkjanna þarf að samþykkja þær í lagasetningarferlinu. Þessi almenna regla gildir hins vegar ekki þegar tilskipanir um skattamál eiga í hlut. Tilskipanir sem hafa að geyma skattaákvæði verða að hljóta einróma samþykki allra aðildarríkja Evrópusambandsins. Það þarf því ekki meira en eitt aðildarríki ESB að vera mótfallið slíkri tilskipun til að hún nái ekki lengra í lagasetningarferli ESB. Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram allnokkrar tillögur um leiðir til samræmingar á sviði skattamála en þær hafa hlotið lítinn hljómgrunn. Þær tilskipanir sem þó hafa verið samþykktar voru í fjölda ára í lagasetningarferlinu og voru yfirleitt þynntar talsvert efnislega á meðan á því ferli stóð áður en samstaða náðist um þær. Meðan aðildarríki ESB voru fimmtán náðist því ekki mikill árangur á þessu sviði. Aðildarríkjunum fjölgaði í 25 árið 2004 og fleiri bætast við á næstunni þannig að ekki er líklegt að tilskipunum á þessu sviði eigi eftir að fjölga í bráð.

Beinar skattlagningarheimildir falla því innan valdsviðs aðildarríkja Evrópusambandsins en eru ekki á hendi stofnana Evrópusambandsins. Hins vegar verður að hafa í huga að heimildir aðildarríkjanna til skattlagningar eru ekki ótakmarkaðar því þau verða að beita þessum heimildum sínum í samræmi við réttarreglur ESB. Í því felst m.a. að forðast ber beina eða óbeina mismunun á grundvelli þjóðernis og reglur landsréttar mega ekki brjóta í bága við fjórfrelsisreglurnar. Mikilvægt er að hafa það í huga að í samspilinu í lagasetningarferli ESB er það framkvæmdastjórnin sem semur drög að tilskipunum og leggur fyrir aðildarríkin og þing sambandsins. Með nokkurri einföldun má segja að þau taki svo ákvörðun um framhald málsins. Framkvæmdastjórnin hefur það hlutverk m.a. að framfylgja markmiðum sambandsins og horfir fyrst og fremst á hagsmuni þess á meðan aðildarríkin, hvert og eitt, taka einnig, eða jafnvel oft á tíðum meira, mið af sínum eigin hagsmunum.



Eva Margrét
Ávarsdóttir
lögmaður Lex.

Hlutverk Evrópudómstólsins

Dómstóll Evrópusambandsins stendur vörð um að aðildarríki Evrópusambandsins beiti heimildum sínum til skattlagningar, sem og öðrum heimildum sínum, í samræmi við réttarreglur ESB. Dómstóllinn hefur frá upphafi gert sig gildandi í túlkun reglna sambandsins og hafa úrskurðir hans haft fordæmisgildi um túlkun þeirra. Dómstóllinn hefur verið samkvæmur sjálfum sér í úrskurðum sínum og fest þá reglu í sessi að aðildarríkjunum ber að beita skattlagningarheimildum sínum í samræmi við réttarreglur Evrópusambandsins og hefur lagt bann við hvers kyns mismunun eða takmörkunum á sviði fjórfrelsisreglnanna nema slíkt bann sé réttlætjanlegt. Fram að þessu hefur Evrópudómstóllinn gert athugasemdir við skattalega framkvæmd einhvers af aðildarríkjum ESB á öllum sviðum fjórfrelsisins. Það er mjög athyglisvert að skoða fjölda mála sem Evrópudómstóllinn hefur úrskurðað á sviði skattamála sem varða beina skattlagningu frá stofnun ESB:

- Árið 1957 – 1985 = 0
- Árin 1986 – 1994 = 5
- Árin 1995 – 2005 um 50.

Skattamál sem bíða dóms nú munu vera um eða yfir 50.

Eins og sjá má af þessum tölum er um að ræða gríðarlega fjölgun skattamála fyrir dómstólnum á tiltölulega stuttum tíma. Það er umhugsunarvert að í langflestum tilvikum, eða í hátt í 90% úrskurðanna er niðurstaða dómstólsins á þá lund að skattareglur viðkomandi aðildarríkis voru taldar fara í bága við reglur Evrópusambandsins. Svo dæmi séu tekin um skatta sem Evrópudómstóllinn hefur fjallað um, eða úrskurður er væntanlegur um, má nefna: yfirfærsla



á skattalegu tapi, skattaívilnanakerfi, tekjuskatt, brottfararskatt, CFC reglur (hvar er raunveruleg stjórnun viðkomandi lögaðila), milliverðlagning, yfirfærsla á eignum/hlutum og reglur um magra eiginfjármögnun. Dómstóll ESB kveður upp úrskurð í hverju máli með tilliti til réttarreglna þess ríkis sem það mál snýst um. Úrskurður hans getur hins vegar haft viðtækari afleiðingar og snert réttarreglur fleiri ríkja heldur en einungis þess sem er fyrir dómstólum. Af þeirri ástæðu er algengt að fleiri aðildarríki noti rétt sinn til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við meðferð viðkomandi máls hjá dómstólum. Úrskurður dómstólsins lýtur hins vegar eingöngu að reglum þess ríkis sem er fyrir rétti. Hin 24 aðildarríkin túlka hann síðan hvert um sig með tilliti til eigin réttarreglna og gera hugsanlega breytingar á þeim á mismunandi vegu. Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögur um leiðir til samræmingar en hefur hlotið lítinn hljómgrunn.

Tilskipanir á sviði skattamála

Þrátt fyrir það að dómum Evrópudómstólsins fari fjölgandi sem hafa fordæmisgildi varðandi heimildir aðildarríkja hvað varðar reglur um beina skattlagningu, hafa aðildarríki ESB ekki tekið höndum saman um lagasamræmingu. Aðeins hefur náðst samkomulag um samþykkt fárra slíkra tilskipana og verða fjórar þeirra nefndar hér. Sú fyrsta er tilskipun 90/435/EC um arðgreiðslur yfir landamæri innan samstæðu, en markmið hennar er að útrýma hindrunum vegna arðgreiðslna yfir landamæri milli dóttur og móðurfélaga sem staðsett eru innan Evrópusambandsins. Önnur er tilskipun 90/434/EC um skattalegar afleiðingar samruna yfir landamæri aðildarríkja ESB en markmið hennar er að auðvelda samruna tveggja eða fleiri fyrirtæki frá tveimur eða fleiri aðildarríkjum eru sameinuð eða skipti fyrirtækja í aðskildar einingar í fleiri en einu aðildarríki og minnka eða lækka alfaríð skattakostnað vegna samruna eða kaupa yfir landamæri. Þriðja tilskipunin er tilskipun 2003/49/EC um greiðslu vaxta og nytjaleyfisgreiðslna yfir landamæri milli félaga innan samstæðu. Markmið hennar er að koma í veg fyrir tvísköttun vaxta og nytjaleyfisgreiðslna milli félaga yfir landamæri en innan samstæðuog forðast óþörf formskilyrði. Í fjórða lagi er um að

ræða tilskipun 2003/48/EC um vexti af sparnaði en markmið hennar er að reglur verði settar um skattlagningu tekna af sparnaði yfir landamæri. Tilskipunin byggir á því að slíkar tekjur verði skattlagðar samkvæmt landslögum þar sem viðtakandi er heimilisfastur. Almennt séð leggur því tilskipunin ekki á skyldu til að leggja skatt á vexti. Það er eitthvað sem hvert aðildarríki fyrir sig tekur ákvörðun um hvernig skal tekið á, annars vegar með skipti á upplýsingum á greiðslum vaxta yfir landamæri í gegnum milliliði og hins vegar með skattlagningu í þremur ríkjum, Austurríki, Belgíu og Lúxembourg.

Eins og ofangreind umfjöllun sýnir hafa aðildarríki ESB ekki sýnt mikinn vilja til að stefna að einhleitni í skattareglum á sviði beinnar skattlagningar. Það virðist einfaldlega ekki raunhæfur eða eftirsóknarverður kostur í þeirra huga. Það þýðir hins vegar ekki að ekki sé stefnt að einhvers konar samræmingu á skattareglum. Framkvæmdastjórnin hefur látið í ljós þá skoðun sína að stefnan í skattamálum eigi að miða að því að ná fram almennari stefnumálum Evrópusambandsins. Stefnan í skattamálum ætti því að vera þannig úr garði gerð að gera Evrópusambandið og aðildarríki þess samkeppnishæfari gagnvart öðrum ríkjum utan sambandsins (hin svokölluðu Lissabonmarkmið). Ein leiðin til þess væri að reyna að lækka umtalsvert heildarskattbyrði innan ESB en í því hlýtur að felast að reyna að vinna á og minnka það óhagræði sem fylgir 25 ólíkum skattkerfum innan Evrópusambandsins.

Ísland þátttakandi í hinum sameiginlega markaði

Ísland er hluti af hinum sameiginlega markaði í gegnum EES samninginn. Til að hægt sé að skapa einn sameiginlegan markað á því sviði sem samningurinn tekur til verða þær reglur sem á markaðnum gilda að vera þær sömu. Með EES samningnum hefur Ísland skuldbundið sig til að innleiða þessar reglur í landsrétt. Þar sem samningurinn kveður á um svokallaða einsleitni hefur Ísland skuldbundið sig til að taka upp í landsrétt þær tilskipanir og reglugerðir sem varða EES samninginn. Einsleitnin nær einnig til túlkunar reglnanna. Túlkun þeirra þarf að vera eins á öllu EES. Bæði er miðað við samræmingu á stjórnsýslustigi og hjá dómstólum. Það þýðir að t.d. þegar EFTA dóm-

stóllinn eða einhver af dómstólum aðildarríkjanna, nú eða t.d. úrskurðarnefnd í kærumálum, dæmir eða úrskurðar um álitaefni þá ber þeim að taka mið af dómafordæmum Evrópudómstólsins. Í þessu sambandi er rétt að nefna að flestir þeir dómur Evrópudómstólsins, sem gengið hafa og varða beina skattlagningu eru í raun byggðir á reglum Evrópusambandsins – og EES Samningsins um fjórfrelsið. Að þessu leyti er Ísland því á nákvæmlega sama báti og aðildarríki ESB.

Í þessu sambandi má benda á hinn svokallaða Fókus dóm EFTA dómstólsins frá árinu 2004. Í því máli var það álit dómstólsins að skattaregla norskra laga sem heimilaði skattaívilnun fyrir norska hluthafa vegna arðgreiðslna frá norsku félagi en neitaði erlendum hluthöfum um sömu ívilnun færi í bága við regluna um frjálst flæði fjármagns því hún mismunaði hluthöfum. Í rökstuðningi sínum vísar EFTA dómstóllinn til fjölda úrskurða Evrópudómstólsins um frjálst flæði fjármagns. Þessi niðurstaða EFTA dómstólsins, sem hefur fyrst og fremst gildi fyrir EFTA löndin sýnir svo ekki verður um villst að fordæmi Evrópudómstólsins geta skipt máli við túlkun íslenskra skattareglna.

Gildandi skattareglur og reglur sem verða settar í framtíðinni verða að taka mið af þessu. Frekari reglur sem kunna að verða settar í framtíðinni mega ekki brjóta í bága við fjórfrelsisreglurnar. Það sama gildir um túlkun gildandi skattareglna hjá dómstólum eða kærunefndum með úrskurðarvald. Leiðbeininguna um það verður, eins og staðan er nú, að finna í dómafordæmum Evrópudómstólanna. Tilskipanirnar sem áður eru nefndar fela í sér ákveðna samræmingu á reglum og er ætlað að fjarlægja hindranir í vegi fjórfrelsisins. Þær ná hins vegar ekki til Íslands og ekki virðist vera á döfinni að teygja þær eða reglurnar sem felast í þeim yfir til EFTA ríkja sem eru aðilar að EES. Sem þátttakendum í hinum sameiginlega markaði er hins vegar mikilvægt að fylgjast vel með þróuninni í skattamálum.

Með þátttöku í hinum sameiginlega markaði og með tilliti til þess að íslensk fyrirtæki horfa í auknum mæli út fyrir landsteinana þegar þau skilgreina sitt markaðssvæði má vera ljóst að regluverkið sem við búum við skiptir verulegu máli og við þurfum að gæta þess að okkar skattalagaumhverfi sé ekki á skjön við reglur ESB.

Nýir félagar í árslok 2006

Í árslok luku 18 einstaklingar verklegum prófum til löggildingar í endurskoðun og öðluðust þar með rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur. FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.



Aðalsteinn Þór Sigurðsson, Deloitte hf.



Anna María Ingvarsdóttir, KPMG Endurskoðun hf.



Arna Guðrún Tryggvadóttir, PricewaterhouseCoopers hf.



Árni Böðvarsson, SPRON



Berglind Hákonardóttir, Grant Thornton hf.



Guðjón Guðafsson, Actavis Group hf.



Helga Erla Albertsdóttir, Deloitte hf.



Hinrik Þór Harðarson, Deloitte hf.



Hólmsteinn Ingi Halldórsson, KPMG Endurskoðun hf.



Hrafnhildur Fanngeirsdóttir, KPMG Endurskoðun hf.



Ingvar Júlíusson, KPMG Endurskoðun hf.



Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, PricewaterhouseCoopers hf.



Jón Rafn Ragnarsson, Deloitte hf.



Ljósbrá Baldursdóttir, PricewaterhouseCoopers hf.



Rannveig Tanya Kristinsdóttir, KPMG Endurskoðun hf.



Stefán Þórhallur Björnsson, KPMG Endurskoðun hf.



Unnar Friðrik Pálsson, KPMG Endurskoðun hf.



Þorsteinn Pétur Guðjónsson, Deloitte hf.

Löggildingarpróf

Prófnefnd endurskoðenda hefur lokið yfirferð löggildingarprófa haustið 2006 og gert prófmönnum grein fyrir niðurstöðum.

Alls þreyttu 53 einstaklingar próf að þessu sinni og urðu niðurstöður í einstökum greinum þannig:

Próf í endurskoðun:

16 þreyttu próf, 9 eða 56,3% hlaut tilskilda lágmarkseinkunn 7,5 eða þar yfir.

Próf í reikningsskilafraeðum:

32 þreyttu próf, 20 eða 62,5% hlaut tilskilda lágmarkseinkunn 7,5 eða þar yfir.

Próf í skattskilum:

25 þreyttu próf, 13 eða 52,0% hlaut tilskilda lágmarkseinkunn 7,5 eða þar yfir.

Próf í gerð reikningsskila:

30 þreyttu próf, 17 eða 56,7% hlaut tilskilda lágmarkseinkunn 7,5 eða þar yfir.

18 einstaklingar hafa lokið öllum fjórum prófunum með tilskilinni lágmarkseinkunn og hljóta löggildingu sem endurskoðendur.

Prófnefnd



Nýir endurskoðendur voru útskrifaðir skömmu fyrir jól



Innri endurskoðun

Faggilding í innri endurskoðun

Alþjóðasamtök innri endurskoðenda (The Institute of Internal Auditors) standa að faggildingu í innri endurskoðun. Faggildingin fer fram með prófum, sem haldin eru um allan heim tvisvar á ári. Þeir sem ljúka prófi, auk þess að uppfylla skilyrði um menntun, reynslu og fleira fá alþjóðlega titilinn *Certified Internal Auditor*. Alls hafa sjö Íslendingar lokið prófi, uppfyllt sett skilyrði og fengið afhent prófskírteini, en prófin hafa verið haldin hérlandis undanfarin tvö ár. Til að halda réttindum sínum í gildi verður að sýna fram á virka endurmenntun, auk þess að gangast undir siðareglur samtaka innri endurskoðenda og eiga yfir höfði sér réttindamissi sé brotið gegn þeim siðareglum.

Próftakar þurfa að sýna fram á þekkingu á alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun og færni í að beita þeim við ólíkar aðstæður, samhliða því að sýna fram á þekkingu á ýmsum atvikiðum sem varða meðal annars endurskoðunartækni, stjórnun, reikningshald, tölvumál og rekstur fyrirtækja og stofnana almennt. Á síðasta ári náðist sá áfangi að löggiltir endurskoðendur á Íslandi fá undanþágu frá próftöku í einu prófi af þeim fjórum sem ljúka þarf til að öðlast faggildinguna.

Mikil eftirspurn er í heiminum eftir fólki með faggildingu í innri endurskoðun, enda hefur faginu viðast hvar vaxið verulega fiskur um hrygg á undanförunum árum samhliða því sem verulega auknar kröfur eru gerðar til eftirlitsumhverfis fyrirtækja.

Hvað er innri endurskoðun?

Innri endurskoðun er skilgreind sem starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem er ætlað að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja og stofnana. Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styður þannig viðkomandi fyrirtæki eða stofnun í að ná markmiðum sínum.

Megináhersluatriði ofangreindrar skilgreiningar eru eftirfarandi:

- Óháð og hlutlæg staðfesting og ráðgjöf.
- Ætlað að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja og stofnana.
- Styður fyrirtæki eða stofnun í því að ná markmiðum sínum.
- Leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna.

Lykilþáttur í staðsetningu innri endurskoðunardeildar í skipuriti fyrirtækja er að tryggja óháði hennar gagnvart stjórnendum og milliliðalaus skýrslugjöf til stjórnar og endurskoðunarnefndar sé slík nefnd til staðar. Veigamikill munur er þó á innri og ytri endurskoðun þar sem hin fyrrnefnda er hluti af fyrirtækinu sjálfu og býr því við meiri nálægð við rekstur þess en ytri endurskoðendur, auk þess sem viðfangsefni og áherslur eru einnig á mangan hátt ólík.

Rekstur innri endurskoðunardeilda er ekki nýr af nálinni hérlandis, enda hefur hún til dæmis verið áskilin með lögum um árabíl í viðskiptabönkum og skipulagsleg staða hennar tryggð. Verkefni hafa hinsvegar tekið miklum breytingum í tímans rás. Þá fer þeim fyrirtækjum fjölgaandi sem hafa áttað sig á gagnsemi þess að koma á fót innri endurskoðun þrátt fyrir að þeim hafi ekki borið lagaskylda til reksturs slíkrar deildar.

Áður fyrr voru verkefni innri endurskoðunardeilda að verulegu leyti fólgin í daglegu innra eftirliti, svo sem útmerkingum og afstemmingum, og áttu lítið skylt við áðurnefnda skilgreiningu. Deildir af þessu tagi voru ýmist nefndar innri endurskoðun eða innra eftirliti. Skilgreining COSO¹ á innra eftirliti vísar til þess að það sé ferli sem er innbyggt í dagleg störf í fyrirtækinu og er hluti af verkferlum þess. Það byggist því fyrst og fremst á aðgerðum starfsmanna og stjórnenda á öllum stigum skipulagsheildar og er eðlilegur hluti af daglegum störfum þeirra. Enn þann dag í dag er hinsvegar algengt að fólk geri ekki greinarmun á innri endurskoðun og innra eftirliti almennt.



Ágúst Hrafnkelsson, formaður Félags um innri endurskoðun.

Staðlar um innri endurskoðun

Alþjóðasamtök innri endurskoðenda gefa út faglegar leiðbeiningar, sem samanstanda af stöðlum um innri endurskoðun, siðareglum, safni bestu aðferða við innleiðingu og útfærslu einstakra ákvæða í stöðlum, auk margvíslegs fræðsluefnis. Staðlarnir eru aðgengilegir á heimasíðu alþjóðasamtaka innri endurskoðenda www.theiia.org, auk þess sem hægt er að panta þá í prentuðu formi. Núgildandi staðlar tóku gildi í ársbyrjun 2004, en í upphafi næsta árs er væntanleg endurskoðuð útgáfa af stöðlum. Þrátt fyrir að mismunur geti verið á lagaumhverfi og venjum milli landa er stöðlumum ætlað að gagnast hvar sem er í heiminum.

Staðlarnir lýsa eðli innri endurskoðunar og þeim eigindum sem einkenna þurfa þá sem þjónustuna veita. Staðlarnir og fylgiefni þeirra skapa þannig viðmið sem unnt er að beita við mat á gæðum þjónustunnar. Slík viðmið gagnast bæði stjórn og stjórnendum fyrirtækja, en auk þess utanaðkomandi aðilum sem leggja traust sitt á fagmennsku innri endurskoðunardeilda. Þá gagnast staðlarnir ekki síður innri endurskoðunardeildum móðurfélags, sem hafa þarf eftirlit með gæðum innri endurskoðunar í dótturfélögum. Með markvissri beitingu staðlanna innan samstæðu alþjóðlegra fyrirtækja má tryggja sameiginlegan skilning á tilgangi og markmiði innri endurskoðunar og samræmd viðmið varðandi verklag.

Félag um innri endurskoðun

Félag um innri endurskoðun var stofnað í febrúar 2003. Félagið er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum. Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnu-



brögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við. Félagið er fullgilt aðildarfélag alþjóðasamtaka innri endurskoðenda, The Institute of Internal Auditors Inc. Félagsmenn eru um 100 talsins og er hluti þeirra einnig félagar í FLE.

Félagið heldur úti fræðslustarfsemi, meðal annars í formi morgunverðafunda með innlendum og erlendum fyrirlesurum, auk þess sem tveggja daga haustráðstefna með erlendum fyrirlesara hefur fest sig í sessi.

Fyrir dyrum stendur að endurbæta heimasíðu félagsins (www.fie.is) og auka verulega fræðslugildi hennar. Jafnframt hafa félagsmenn aðgang að ýmsu fræðsluefni og hjálpartækjum á heimasíðu alþjóðasamtakanna.

¹Committee of Sponsoring Organisation of the Treadway Commission.

Til sölu á skrifstofu FLE

- Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,—
- IASB International Financial Reporting Standards 2005. Heppilegast er að panta bókina beint að utan. Sjá nánar heimasíðu FLE.
- Handbook of International Auditing, Assurance and Ethics Pronouncements, 2005. Heppilegast er að panta bókina beint að utan. Sjá nánar heimasíðu FLE.

GOLF annáll



Sigurður Tómasson endurskoðandi og forseti alþjóðadeildar Golfhóps FLE.

Fyrri spakmæli þessarar greinar er haft eftir O. Copido og er skráð þannig:

„Í frumstæðum samfélögum er það kallað galdrar þegar ættbálkarnir koma saman og berja í jörðina með kylfum. Í síðmenntuðum samfélögum er þetta kallað golf“.

Golfár endurskoðenda 2006 var minna í sniðum en oft áður og viðburðir færri en um langt árabíl. Enn þykir þó við hæfi en koma því helsta til skila í árlegum golfpistli þannig allir í félaginu, jafnt þeir sem leika golf sem og aðrir sem ekki hafa enn látið golfdraum sinn rætast, megi verða sem best upplýstir um það sem gerist á þessum vettvangi.

Eins og allir vita sem lesa þessa árlegu pistla þá höfum við endurskoðendur þann hátt á að við látum einn úr okkar hópi, einvald, sjá um alla framkvæmd sameiginlegra golfdaga hér innanlands. Árið 2006 var það Ívar Guðmundsson sem valinn var til verksins.

Eins og fram kom í golfannál síðasta árs þá var á árinu 2005 ákveðin tregða hjá félagsmönnum við að mæta á þá golfviðburði félagsins sem golfdeildin setti á svið. Þessi tregða endurtók sig sumarið 2006 og fór svo að af 5 skipulögðum viðburðum urðu aðeins 3 að veruleika. Er þetta 3ja árið í röð sem minna verður úr en vonir stóðu til og mætti efallast fara að tala um viðvarandi vandamál í þessu sambandi. Reynslan er að kenna okkur að erfitt er að keppa við allt sem í boði er í dægrastyttingu nútímans.

En það var ekki aðeins að skipulögðum dög-

um fækkaði heldur var mæting mjög döpur – fyrsta golfdaginn mættu aðeins 7 golfarar. Einvaldur hafði vel hugsað til þessa dags og fengið fyrirtækið Bakkus ehf. í lið með sér til að sjá um veitingar og verðlaun. Þarf ekki að orðlengja það að vegna þess að léttflöskur á staðnum voru fleiri en keppendur þá höfðu allir með sér heim eitthvað í verðlaun og sumir jafnvel meir en aðrir. Það virtist sem ekki skipti máli hvað menn töldu til afreka þennan dag sem verðskuldaði verðlaun, alltaf dró einvaldur fram ný og ný verðlaun. Lauk þessum degi svo að keppendum þraut hugmyndaflug við að týna til afrek til verðlauna og fóru allir glaðir heim með sitt.

Um langt árabíl hafa liðsmenn golfdeildar FLE haft árlega keppni við annars vegar lögmenn og hins vegar tannlækna. Keppnin við tannlækna fór fram og lauk þeirri viðureign með því að andstæðingar okkar tóku til varðveislu þann bikar sem við höfðum árið áður unnið við frækinn orðstír. Þetta hefur skeið áður og við þess vegna vanir að vera í þessari stöðu og ekkert sem kom okkur sérstaklega á óvart. Því miður varð ekkert úr keppni okkar við lögmenn og skrifast það á okkar reikning að hafa ekki getað stillt upp liði. Deginum áður en keppnin var boðuð höfðu einungis fimm (5) endurskoðendur skráð sig til þátttöku og varð því sjálfhætt. Það telst lágmark að koma með 12 keppendur á vettvang. En hvað svo sem olli fáleikunum hjá endurskoðendum þá var þetta ekki rétti keppnisandinn. Lögmenn halda þeim bikar sem lið þessara aðila hafa keppt um mörg undanfarin ár.

Golfvertið endurskoðenda lýkur með Meistararamóti FLE. Mótið fór fram í 25. sinn miðvikudaginn 13. september á Korpúlfsstaðavelli og mættu 17 endurskoðendur til leiks „í aftakaveðri“ eins og einvaldur sagði í mótslok. Það var ansi hvasst, sérstaklega til að byrja með, en sumir léku í meira aftakaveðri en aðrir því þeir sem luku fyrstir leik, vel á undan öllum öðrum, sluppu við hressilega blauta rigningu sem skall



Golfhópur endurskoðanda vorið 2006 við Dalmahey golfhótel.

á undir lokin. Hressilegur útsynningur eins og veðurspakir menn mundu segja. En allir, utan einn, luku leik og nutu dagsins. Í mótslokin sagði

síðan einvaldur frá úrslitum og afhenti verðlaun. Golfmeistari FLE árið 2006 er Óskar Sverrisson. Íþróttasíða FLE fréttar óskar Óskari til hamingju

með meistaratitilinn. Aðrir sigurvegarar þetta árið voru Ómar Kristjánsson sem lék best án forgjafar og Sigurður Tómasson sem varð öldunga-meistari.

Tuttugu og fimm meistaramót FLE í golfi. Árið 1982 var haldið fyrsta meistaramót FLE í golfi. Þá mættu 10 endurskoðendur til keppni. Í samfleytt 25 ár hefur meistaramót FLE verið haldið og það er afrek út af fyrir sig að það skuli hafa tekist að halda þessu gangandi þennan tíma. Þetta er í andstöðu við það sem á undan er skrifað um tregðu hjá félagsmönnum til þátttöku. Stundum er sagt að í tilverunni séu alltaf einhverjir ljósir púnktar og áreiðanlega er meistaramótið einn af þeim. Rétt þykir að geta þess að í meistaramótinu árið 2006 voru 7 keppendur sem einnig voru með í fyrsta mótinu árið 1982. Ánægjulegt hjá öllum þessum (h)eldri mönnum að halda tryggð við meistaramótið. Í greinarlok-in er listi yfir golfmeistarar FLE frá upphafi.

Heldur þykir mér skrifari þessara lína vera neikvæður í umsögn sinni um þátttöku endurskoð-enda í golfinu og telur að skrifuð orð í golfannál



Skoskur fyrirliði ICAS golfhópsins, Dick Taylor, ásamt íslenskum fyrirliða við upplýsingaskilti um golfkeppni.



Fjórir góðir FLE félagar.

2005 mætti birta aftur í óstyttu formi : „Góð þátttaka endurskoðenda í öllu félagsstarfi sem gefur punkta er eftirtektarverð og því ætti að taka til athugunar að veita punkta fyrir mætingar á golfdögum. Skrifari þessara lína sér alla vega ekki minni ástæðu fyrir punktajöf að þessu til efni heldur en að borða jólamat með jólahugvekjum og fá menntunarpunkt í desert að auki. Menntanefnd og aðilar í félaginu ættu í alvöru taka þetta mál til skoðunar“. Frá því þessi orð voru skrifuð fyrir ári síðan hafa engin viðbrögð verið og því líklegt menn hafi bara haft (kannski) gaman af þessu sem kallaði ekki á nein viðbrögð önnur en í mesta lagi góðlátlegt bros í laumi.

Hefð er komin á golfferð endurskoðenda til Skotlands í maí hvert ár. Níunda vorferð FLE golfara var farin dagana 4.–9. maí og í þetta sinn var ferðinni heitið á golfhótel í námunda við borgina Edinburgh sem er eins og flestir eða allir lesendur vita höfuðborg Skotlands. Í Edinburgh sitir þing Skotlands en landið er hluti Stóra Bretlands síðan Act of Union var samþykkt árið 1707 af báðum þjóðþingunum, Skotlands og Eng-

lands. Árhundruðin fyrir þann tíma einkenndust af margskonar deilum milli þjóðanna og hetjusögur mynduðust og er skemmst að minnast stórmyndarinnar Braveheart frá árinu 1995. Þó kvikmyndin þyki ekki fullkomnlega nákvæm, þá er þar sögð saga William Wallace og baráttu hans við að halda Skotlandi óháðu og frjálsum þegar King Edward I., konungur Englands á fyrri hluta 14. aldar, hélt uppi árásum á Skotland. Skotar eru stoltir af sögu sinni, rétt eins og svo margar aðrar þjóðir, og á landamærum Skotlands og Englands má enn sjá leifar af varnarvegg, Hadrian Wall. Rómverjar héldu innreið sína í England fyrir 2 þúsund árum en náðu ekki að leggja undir sig norðurhluta landsins vegna mótstöðu þeirra ættbálka sem þar áttu heima. Rómverski keisarinn, Hadrian, fyrirkipaði þá að láta reisa varnarvegg þvert yfir England til að hindra árásir þeirra víkinga, Picts, eða ættbálksins sem þá bjuggu Skotland.

Við vorum 15 endurskoðendur sem fóru í golfferðina til Skotlands og dvöldum í góðu yfirlæti á Marriott Dalmahoy Hotel and Country Club.

Við hótelið eru 2 golfvöllir, East and West course. Við skiptumst á að leika þessa velli sem voru fallegir skógarvöllir en auk þess fórum við eina ferð á strandarvöll, North Berwick, sem liggur með strandlengjunni við Firth of Forth. Einn hluti af ferð okkar til Skotlands er að hitta skoska endurskoðendur frá Edinborgarsvæðinu og eiga með þeim dagstund við golf og leik.

Skoskir endurskoðendur komu til okkar á Dalmahoy mánudaginn 8. maí og léku við okkur um eftirmiðdaginn og síðan var sameiginlegur kvöldverður. Golfdagurinn með skoskum endurskoðendum var að vanda hinn ánægjulegasti og ekki spillti fyrir að við héldum þeim farandgrip sem ICAS lagði til þessarar keppni. Enn og aftur til upprifjunar skal þess getið að um er að ræða sérstaka gerð af skál sem á þeirra máli kallast Quaich. Þessi tegund skála var notuð við drykkju fyrr á tímum og gengdi þannig sama hlutverki og Víkingahornin hjá okkar forfeðrum. Að golfleik loknum fengum við gjafir frá skoskum félögum okkar og við útteildum gjöfum sem minntu á Reykjavík. Skal hér aðeins áréttað að viðbrögð



Hönnuðir Skotlandsferðanna.

starfsfélaga okkar í Skotlandi hafa ávallt verið mjög góð vegna heimsóknar íslenskra endurskoðenda. En þar í landi eins og hér á landi hafa menn komið sér upp því vinnuferli að láta vinnuna ganga fyrir golfinu og alltof oft eru önnur úrlausnarefni en högguleikur í golfi viðfangsefni dagsins. Aldrei hefur þó orðið „messufall“ í þessari árlegu rimmu íslenskra og skoskra endurskoðenda og verður framtíðin að skera úr hvað verður en í maí á árinu 2007 er fyrirhuguð 10. (tíunda) ferð okkar til Skotlands.

Hér til hliðar eru nöfn þeirra 18 félagsmanna sem orðið hafa FLE golfmeistarar. Heimir Haraldsson hefur oftast orðið meistari eða 3 sinnum. Fimm hafa orðið meistarar 2 sinnum hver en aðrir einu sinni. Að meðaltali hafa þátttakendur hvert ár verið um 15. Um högggjafjölda veit enginn og lýkur þar með tölfræði og fróðleik um Meistaramót FLE í golfi.

Síðara spakmæli þessarar greinar er haft eftir John Hallisey og skrifast þannig:

„Versti dagurinn minn á golfvöllinum er samt betri en besti dagurinn á skrifstofunni“

Golfmeistarar FLE frá upphafi hafa verið:

Ár	Nafn sigurvegara	Fjöldi
1982	Guðjón Eyjólfsson	10
1983	Ómar Kristjánsson	10
1984	Guðmundur Friðrik Sigurðsson	12
1985	Heimir Haraldsson	13
1986	Guðmundur Friðrik Sigurðsson	16
1987	Helgi V. Jónsson	11
1988	Reynir Vignir	8
1989	Heimir Haraldsson	13
1990	Ómar Kristjánsson	15
1991	Emil Th. Guðjónsson	17
1992	Guðmundur Hjaltason	15
1993	Árni Tómasson	18
1994	Heimir Haraldsson	17
1995	Árni Tómasson	19
1996	Stefán Svavarsson	17
1997	Hallgrímur Þorsteinsson	20
1998	Jónatan Ólafsson	16
1999	Jón Þ. Hilmarsson	12
2000	Ragnar Guðgeirsson	16
2001	Ómar Björnsson	18
2002	Ómar Björnsson	22
2003	Guðmundur Frímansson	13
2004	Stefán Svavarsson	19
2005	Helga Harðardóttir	14
2006	Óskar Sverrisson	17



Jól 2006

Birt með leyfi höfundar.

*Við hafsbrún röðuls ljósið logar,
lognaldan togar það að sér.
Skuggar lengjast, þá lífið sofnar,
landið dofnar er sólin fer.
Allt inni fyllist ást og hlýju,
enn að nýju er Kristur hér.*

*Öll nú þráum frið og frelsi,
frá þrautahelsi víkja ber.
Saman erum við systur, bræður,
já, systur, bræður hvert litið er.
Til Herrans bæn með höndum báðum,
halla þjáðum að brjósti þér.*

*Megi jólin fögnuð færa,
finni kæra ástvini hver.
Móti framtíð faðminn breiðum,
frá innstu heiðum í ystu sker.
Þá munu helgar klukkur klingja
og kliðmjúkt syngja englaher.*

Bjarni Jónsson endurskoðandi